



ORKUSTOFNUN  
Raforkudeild

# BÚÐARHÁLSVIRKJUN

Jarðfræði- og grunnvatns-  
rannsóknir 1979

Skýrsla tekin saman af starfshópi  
á Raforkudeild Orkustofnunar

OS80019/ROD09  
Reykjavík, júní 1980

Unnið fyrir  
Landsvirkjun

# **BÚÐARHÁLSVIRKJUN**

## **Jarðfræði- og grunnvatns- rannsóknir 1979**

### **Verkefnisstjórn:**

**Davíð Egilsson  
Björn Jónasson**

### **Aðrir höfundar:**

**Bjarni Kristinsson  
Freyr Þórarinsson  
Halína Bogadóttir  
Hlöðver Bergmundsson  
Jón Ingimarsson  
Jónas Elíasson  
Sveinn Þorgrímsson**

**OS80019/ROD09**

**Reykjavík, júní 1980**

**Unnið fyrir  
Landsvirkjun**

ÁGRIP

Fjallað er um undirbúningsrannsóknir vegna fyrirhugaðrar virkjunar á falli Tungnaár og Þjórsár við mót þeirra. Jarðlög þar greinast í tvo meginflokka: Grunnbergsmýndun annars vegar og síðjökultíma- og nútímamýndun hinsvegar. Grunnbergsmýndunin sést í Búðarhálsi, Vaðöldu og Sandafelli en þar stendur hún upp úr jafnsléttunni. Þessi mýndun hlóðst upp fyrir 2,0-0,8 milljónum ára. Síðjökultíma- og nútímamýndunin hefur verið að hlaðast upp síðastliðin 15.000 ár. Hún er að mestu gerð úr nútímahraunum sem hafa runnið eftir að jökla leysti. Hraunin hafa fyllt upp í lögðir í grunnbergsmýnduninni og lagst upp að hliðum hæða og fjalla.

Hraunin eru yfirleitt mun lekari en grunnbergið og berst grunnvatnið aðallega eftir þeim. Samkvæmt hita og hæðarmælingum á grunnvatni kemur það eftir 3-4 straumum inn á hraunasvæðið. Tveir þeirra renna saman og mynda meginstraum sem kemur að austan og fer milli Búðarháls og Valafells. Viðaminni er straumur milli Fitjaskóga og Búðarháls. Grunnvatnið af hraunasvæðinu hefur aðalafrennsli milli Búrfells og Sauðafells.

Tunga úr Búrfellshrauni (THi) nær inn í dalinn milli Fitjaskóga og Búðarháls. Ekki er vitað nákvæmlega hvar jaðar Kvíslarhrauns (THf) er austan við Vaðöldu en grunur leikur á að hann liggi sunnan við Tungnaá.

Allar tillögur ráðgjafaverkfræðinga Landsvirkjunar um virkjun á þessum stað gera ráð fyrir að stíflan standi á Búrfellshrauni (THi), frárennslisskurðurinn liggi um sama hraun hjá Hafi og stöðvarhús og fráveitugöng verði grafin í gegnum grunnbergsmýndunina í Sandafelli. Það gera tvær tillagnanna ráð fyrir að veitugöng verði í gegnum grunnbergsmýndunina í Búðarhálsi.

Ein tillagan gerir ráð fyrir 50 m hárrí stíflu í dalnum milli Búðarháls og Fitjaskóga. Búrfellshraun, Thi, er þar 30 m þykkt í miðjum dalnum en þynnist til jaðranna. Komið hefur í ljós við dæluprófanir að lekt þess reiknast um  $2-3 \times 10^{-3}$  m/s. Á jöðrunum er hún þó meiri eða  $2-3 \times 10^{-2}$  m/s. Undir hrauninu er efst ósamliamt set, að mestu sandur. Boranir gefa til kynna að þykkt þess sé um 50 m í miðjum dalnum en þynnist til jaðranna. Þar fyrir neðan er síðjökultímamýndin. Hún ásamt lausa setinu er um 70 m í miðjum dalnum. Loks er súrt og ísúrt grunnberg. Líklegt er talið að lausa setið sígi nokkuð á byggingartímanum. Þá þarf að gera sérstakar ráðstafanir til að verjast leka með hraunjöðrunum, verði þessi tillaga fyrir

valinu.

Fyrri hugmyndir um jarðfræði Búðarháls breyttust fremur lítið við boranir í hálsinum sumarið 1979. Uppbygging hans ofan við Nefjadeild virðist afar regluleg. Nokkur hætta er talin á að göng í Búðarhálsi þar sem þeim er nú ætlaður staður komi til með að liggja í gegnum líparít norðan megin á hálsinum en líparít er talið fremur óheppilegt berg fyrir jarðgöng. Hvar það liggur verður ekki ljóst fyrr en búið verður að bora kjarnaholur þar. Hljóðhraðamælingar frá sumrinu 1979 og Borróboranir frá 1967 gefa til kynna að hæð á yfirborði Búrfellshrauns (THi) á fyrirhugaðri skurðleið um Haf sé 245-256 m y.s. Þykkt lausra jarðlaga er 4-12 m mikinn hluta leiðarinnar. Botnhæð frárennslisskurðarins við Sandafell er áætluð 244,2 m y.s. Efri hluta skurðarins er því hægt að grafa, en yfirleitt þarf að sprengja neðstu metrana.

EFNISYFIRLIT

	Bls.
ÁGRIP .....	3
TÖFLUSKRÁ .....	7
MYNDASKRÁ .....	9
1 INNGANGUR (DE) .....	11
1.1 Markmið .....	11
1.2 Framkvæmd rannsókna .....	12
2 ÁRMÓT ÞJÓRSÁR/TUNGNAÁR - YFIRLIT YFIR JARÐFRÆÐI- OG GRUNNVATNS- RANNSÓKNIR .....	13
2.1 Markmið (DE) .....	13
2.2 Boranir (BjJ) .....	14
2.2.1 Almennt .....	14
2.2.2 Borholusnið og jarðlagaskipan .....	14
2.3 Viðnámsmælingar (FÞ) .....	15
2.4 Segulmælingar (DE) .....	16
2.5 Grunnvatn (BK/BjJ/DE) .....	17
2.5.1 Almennt .....	17
2.5.2 Mæling á grunnvatnshæð .....	18
2.5.3 Hitamæling á grunnvatni .....	19
2.6 Samantekt .....	20
3 STÍFLUSVÆÐIÐ - RANNSÓKN Á JARÐTEKNILEGUM ÞÁTTUM .....	21
3.1 Markmið (DE) .....	21
3.1.1 Fyrri hugmyndir .....	21
3.1.2 Tilgangur rannsókna .....	21
3.2 Laus jarðlög (HB) .....	22
3.3 Hljóðhraðamælingar (HaG/DE) .....	23
3.3.1 Inngangur .....	23
3.3.2 Hljóðspeglunarmælingar .....	23
3.3.3 Hljóðhraði í THi .....	24
3.3.4 Yfirfallið .....	24
3.3.5 Stífluendinn við Fitjaskóga .....	25
3.4 Borun (BjJ) .....	26
3.4.1 Almennt .....	26
3.4.2 Framkvæmd borunar og greining .....	26
3.4.3 Borholu- og jarðlagasnið .....	27
3.4.4 Jarðlagaskipan og jarðsaga .....	29

	Bls.
3.5 Könnun á lausum jarðmyndunum, undir THi (Sv.Þ) .....	31
3.5.1 Almennt .....	31
3.5.2 Markmið .....	32
3.5.3 Sýnataka .....	33
3.5.4 Greining sýna .....	34
3.5.5 Lokaorð .....	36
3.6 Dæluprófanir (JI/JE) .....	37
3.6.1 Inngangur og markmið .....	37
3.6.2 Framkvæmd prófana .....	37
3.6.3 Úrvinnsla mælinga .....	39
3.6.4 Framhald athugana .....	44
3.6.5 Niðurstöður og ályktanir .....	45
3.7 Niðurstöður .....	45
4 VEITULEIÐIR Í BÚÐARHÁLSI OG Á HAFI .....	47
4.1 Inngangur (DE) .....	47
4.2 Gangaleið í gegnum Búðarháls (DE/BjJ) .....	47
4.2.1 Markmið rannsókna .....	47
4.2.2 Almennt yfirlit .....	47
4.2.3 Niðurstöður borana 1979 .....	48
4.2.4 Jarðfræðisnið og mannvirki .....	48
4.2.5 Samantekt .....	50
4.3 Frárennslisskurður um Haf (DE) .....	50
4.3.1 Markmið rannsókna .....	50
4.3.2 Hljóðbrotsmælingar .....	50
4.3.3 Segulmælingar .....	51
4.3.4 Borróboranir .....	51
4.3.5 Samantekt .....	51
HEIMILDASKRÁ .....	53
TÖFLUR .....	55
MYNDIR .....	79
VIÐAUKAR:	
A Hljóðhraðamælingar .....	143
B Segulmælingar .....	155
C Viðnámsmælingar .....	159
D Borróboranir á Hafi .....	165

TÖFLUSKRÁ

	Bls.
1 Staðsetning og niðurstöður viðnámsmælinga .....	57
2 Jarðvatnsmælingar í borholum (blað 1 - 6) .....	58-60
3 Vatn og hiti í borholum .....	61
4 Staðsetning, hæð og dýpi gryfja á Sultartangasvæði .....	62
5 Staðsetning, hæð og dýpi písaþola á Sultartanga .....	63
6 Hljóðspeglun á stíflustæði (blað 1 - 2) .....	64-65
7 Hljóðspeglun við yfirfall .....	66
8 Hljóðspeglun við Fitjaskóga .....	67
9 Staðsetning, hæð og dýpi kjarnahola á Sultartanga- og Búðar- hálssvæði .....	68
10 Staðsetning, hæð og dýpi kjarnahola við Búðarháls .....	69
11 ST - 19, helstu eiginleikar setsýna .....	70
12 ST - 20, helstu eiginleikar setsýna .....	71
13 Efnisflokkar og helstu eiginleikar sets úr ST - 19 og ST - 15 ..	72
14 Niðurstöður dæluþrófana í ST-17 .....	73
15 Niðurstöður dæluþrófana í ST-18 .....	74
16 Niðurstöður dæluþrófana í ST-20 .....	75
17 Meðalleiðni samkvæmt mælingum úr dælu- og athugunarholum (í texta) .....	43
18 Hljóðhraðamælingar við Haf (blað 1 - 2) .....	76-77





MYNDASKRÁ

	Bls.
1 Búðarhálsvirkjun, afstöðumynd .....	81
2 Mismunandi tilhögun virkjunar .....	82
3 Tungnaárhraun - jarðfræðikort .....	83
4 Yfirlits- og staðsetningarkort .....	85
5 Borholusnið, loftborsholur (blað 1 - 2) .....	87
6 Jarðlagasnið A - A' til E - E' (blað 1 - 2) .....	88-89
7 Staðsetning viðnámsmælinga .....	90
8 Segulkort .....	91
9 Grunnvatnskort af Búðarháls- og Búrfellssvæði .....	93
10 Grunnvatnskort af Sultartangasvæði .....	95
11 Grunnvatnshitakort af Búðarháls - Búrfellssvæði .....	97
12 Grunnvatnshitamælingar, Sultartangi - Búðarháls (blað 1 - 4) .....	99-100
13 Hugsanleg staðsetning hraunkants THf .....	101
14 Þykkt lausra jarðlaga - staðsetning mælinga .....	102
15 Gryfjulýsingar (blað 1 - 4) .....	103-104
16 Laus jarðlög á stíflustæði og Sultartanga, þversnið I - V .....	105
17 Laus jarðlög á stíflustæði og Sultartanga, þversnið VI og VII .....	106
18 Þykkt THi samkvæmt hljóðspeglun .....	107
19 Hljóðhraði í THi samkvæmt hljóðspeglun .....	108
20 Yfirfall í Búðarhálsi. Staðsetning hljóðbrotsmælinga .....	109
21 Stíflustæði við Fitjaskóga. Staðsetning hljóðhraðamælinga ...	110
22 Skýringar og skammstafanir .....	111
23 Snið af borholum ST - 17 og ST - 18 .....	112
24 Snið af borholum ST - 16, 19, 20A, 20B og 21 .....	113
25 Jarðlagasnið F - F' .....	114
26 Jarðlagaskipan í ST - 15 og ST - 19 .....	115
27 Greining sýna á borstað, ST - 20 A og B .....	116

28	Greining sýna á borstað, ST - 19 .....	117
29	Flokkun sýna eftir kornadreifingu, ST - 19 .....	118
30	Flokkun sýna eftir kornadreifingu, samanburður á kornastærðum sýna úr ST - 15 og ST - 19 .....	119
31	Þurr rúmpýngd sem fall af rakastigi í ST - 19 .....	120
32	Dæluprófanir - afstöðumynd .....	121
33	Rennslisprófun (í texta) .....	38
34	Þrepadæling - langtímadæling (í texta) .....	38
35	Þrepadæling, skýringarmynd (í texta) .....	40
36	Þrepadælingar .....	122
37	ST - 18, þrepadæling 79-08-24 .....	123
38	Dæling í ST - 18 79-09-04. Vatnsborðshækkun í ST - 14 .....	124
39	Dæling í ST - 18 79-09-04. Vatnsborðshækkun í holu A .....	125
40	ST - 18, ádæling, mælt í ST - 14, 79-09-04 .....	126
41	ST - 18, mælt í "A", 79-09-04 .....	127
42	ST - 18 við jöfnun í ST - 14 79-09-04 .....	128
43	Jöfnun vatnsborðs í ST - 14 að lokinni 15,8 m <sup>3</sup> /s dælingu .....	129
44	Flatarmál og rúmmál lóna .....	130
45	Vatnshæð og leki í "2000" m <sup>2</sup> lóni .....	131
46	Vatnshæð og leki í "100" m <sup>2</sup> lóni .....	132
47	Þrepadæling á ST - 18 79-08-24, vatnsborð í ST - 14 .....	133
48	Jarðfræðikort, Búðarháls .....	135
49	Snið af borholum BH - 1, BH - 2 og BH - 3 .....	137
50	Þversnið milli BH - 2 og BH - 3 .....	138
51	Þversnið á fyrirhugaðri jarðgangaleið .....	139
52	Haf, I og II, borróholur, hljóðhraða- og segulmælingar (blað 1 - 2) .....	140-141

## 1 INNGANGUR

### 1.1 Markmið

Þegar virkjun Tungnaár við Hrauneyjafoss lýkur verður óvirkjað 92 m fall milli Hrauneyjafoss- og Búrfellsvirkjunar. Mynd 1 sýnir afstöðu virkjana á Þjórsár - Tungnaárvæði. Margs konar hugmyndir hafa verið uppi um það hvernig mætti nýta þetta fall eða þann hluta þess sem hagkvæmast er að virkja. Skýrsla ráðgjafarverkfræðinga Landsvirkjunar: "Þjórsárvirkjanir. Samanburðaráætlanir um orkunýtingu á vatnasviðum Þjórsár og Tungnaár ofan Þjórsárdals. Áfangaskýrsla", útg. maí 1979, rekur helstu virkjunarkosti. Þær hugmyndir sem taldar voru álitlegastar ásamt nýrri tilhögun, er síðar kom fram sbr. "Þjórsárvirkjanir. Samanburðaráætlanir. Framvinduskýrsla", útg. des. 1979, eru sýndar á mynd 2. Nánari lýsingu á mismunandi tilhögun er að finna í áður nefndum ráðgjafarskýrslum.

Skýrsla þessi fjallar um frumrannsókn á mismunandi tilhögun virkjunar við Sultartanga og Búðarháls er framkvæmd var sumarið 1979. Verkið var unnið að beiðni Landsvirkjunar og samkvæmt verklýsingu í samningi milli hennar og Orkustofnunar (september 1979). Rannsóknin var að mestu jarðfræðileg könnun með jarðborun, könnun á lausum jarðlögum, jarðeðlisfræðilegar mælingar og dæluþrófun. Ennfremur var unnið við almenna jarðfræðikortlagningu, en henni verða gerð skil í sérstakri skýrslu.

Rannsóknin beindist að nokkrum vel afmörkuðum þáttum og hefur verið tekið mið af því í kaflaskiptingu. Sökum þessa er gerð grein fyrir markmiði rannsókna í upphafi hvers kafla og niðurstöður dregnar saman í lok hans. Ekki þótti því ástæða til að endurtaka þær í sérstöku lokakafla.

Verk þetta byggir að verulegu leyti á hugmyndum sem áflað hefur verið með fyrri rannsóknum Orkustofnunar á svæðinu og gerð hefur verið grein fyrir í eldri skýrslum. Varðandi jarðfræðina er helst að nefna skýrslurnar, "Borróboranir við Sultartanga 1967 og 1968", frá 1969 eftir Pál Ingólfsson, "Langalda - Hald. Jarðfræðiskýrsla" frá 1971, eftir Bessa Aðalsteinsson, "Sultartangi. Jarðfræðiskýrsla" og "Búðarháls. Jarðfræðiskýrsla" báðar eftir Ingibjörgu Kaldal og Skúla Víkingsson (1972 og 1973) og yfirlitsskýrslu Elsu G. Vilmundardóttur (1978) "Tungnaárhraun. Jarðfræðiskýrsla". Um grunnvatnsrennsli og þéttingaráhrif aurburðar er m.a. fjallað í skýrslunni "Langölduveita. Rannsókn á tilraunalóni við Tungnaá" eftir Hauk Tómasson o.fl. (1976) og um jarðfræði með sérstöku tilliti til

áætlaðrar mannvirkjagerðar í þrem skýrslum "Sultartangi Hydroelectric Project. Geological report" eftir Björn Jónasson (1976) og "Búðarháls-  
virkjun. Jarðfræði- og jarðvatnsrannsóknir" og "Búðarhálsvirkjun.  
Jarðfræðirannsóknir 1978" báðar eftir Björn Jónasson o.fl. (1978 og 1979).

## 1.2 Framkvæmd rannsóknanna

Fyrri hluta sumars 1979 beindist rannsóknin að mestu að tilhögun 1 (mynd 2) ásamt yfirlitsrannsóknum. Helstu þættir voru könnun á þykkt lausra jarðlaga við fyrirhugaðan frárennslisskurð, borun níu loftborshola (PH-1 til 9), og kjarnaholu (ST-16), auk almennra grunnvatnsathugana.

Síðari hluta sumarsins var lögð megináhersla á tilhögun 2. Þar voru helstu þættirnir:

- a) Könnun á fyrirhuguðu stíflu- og lónstæði, sem fól í sér athugun á þykkt og gerð lausra jarðlaga, kjarnaholurnar ST-17 - ST-21 og BH-1, hljóðhraðamælingar og umfangsmikla dæluprófun og
- b) könnun á fyrirhugaðri jarðgangaleið í gegnum Búðarháls með kjarnaholunum BH-2 og BH-3.

Undir lok verksins kom fram tillaga um að nýta áður nefnt fall í tveim virkjunum, sjá tilhögun 3. Eins og sést á mynd 2 falla flestir rannsóknarþættirnir sem gerðir voru sumarið 1979 nokkuð vel að þessari hugmynd. Frárennslisskurðurinn er sá sami; göngin í gegnum Búðarháls verða á svipuðum stað en liggja dýpra.

Þá kemur könnunin á yfirborðslögum og dæluprófunin að beinum notum við mat á leka úr fyrirhuguðu lóni. Sýnatakan undir hrauninu og rannsókn þeirra sýna kemur til með að hjálpa við að meta lekt undir hrauninu. Hún hefur ennfremur aukið almennan skilning manna á jarðfræði svæðisins.

## 2.1 Markmið

Sameiginlegt markmið þeirra rannsókna sem hér verða raktar var að fá sem nákvæmasta mynd af grunnvatni á svæðinu. Sú mynd innifelur m.a. grunnvatnshæð, grunnvatnsstrauma og þverskurðarflatarmál þeirra jarðlaga sem grunnvatnið rennur um. Við Straumfræðistöð Orkustofnunar er nú unnið að gerð reiknilíkans sem lýsir grunnvatnshæð og rennsli á svæðinu. Borholurnar sem hér verður fjallað um voru gerðar beinlínis til að afla gagna til þess.

Eftir rannsóknir sumarsins 1978 var vitað að undir hrauninu í dalbotninum milli Fitjaskóga og Búðarháls væri setfyllt lægð. Set þetta ber þess merki að þar hafi staðið vatn. Ennfremur var útbreiðsla hraunsins THi í þessum dal orðin ljós. Fyrir utan dalinn er hins vegar þykkur hraunlagastafli (Björn Jónasson o.fl. 1979). Hraunið er talið mun betur vatnsleiðandi en setið og rennur grunnvatnið aðallega eftir kargalögum á mótum einstakra hraunlaga. Mikilvægt er að vita hvar mörkin milli hraunlagastafans og setsins eru þegar meta á hve mikið lekavatn getur runnið í burtu sökum þess að mestur hluti þess kemur til með að renna eftir hinum tiltölulega vel vatnsleiðandi hraunlögum. Þá er á sama hátt gagnlegt að vita hvernig þessi mörk eru, þ.e. hvort hraunið liggur beint upp að setinu eða að vel þéttur grunnbergshryggur skilur það frá.

Við upphaf rannsóknanna síðastliðið sumar voru settar fram tvær tilgátur. Önnur var sú að grunnbergið í Vaðöldu og Búðarhálsi tengdist með neðanjarðarhrygg og hann hafi hindrað hraunin í að renna inn eftir dalnum milli Fitjaskóga og Búðarháls (mynd 3). Tungnaárhraunin hefðu runnið fyrir endann á hryggnum u.þ.b. við Vaðöldu, lagst upp að Sandafelli þar og lokað fyrir rennsli "Þjórsár". Hryggurinn væri þá einnig hluti af þeirri fyrirstöðu sem olli því að hið forna stöðuvatn milli Fitjaskóga og Búðarháls myndaðist. Hin tilgátan var að Tungnaárhraunin hefðu runnið milli Búðarháls og Vaðöldu upp að Sandafelli og stíflað þannig fyrir "Þjórsá". Stöðuvatnið sem við það myndaðist hefði síðan staðið í vegi fyrir hraunrennsli út í það og inn eftir dalnum svipað og gerðist í Tungnaárkróki við Sigöldu (Elsa G. Vilmundardóttir 1978). Borholan ST-16 var sett niður gagnert til að varpa ljósi á hvor tilgátan væri líklegri.

Sökum þess hve dýrt er að bora kjarnaholur var reynt með jarðeðlisfræðilegum

mælingum að tengja milli borhola þar sem vitað var að eingöngu er hraun (ST-16) þangað sem þykkt set er undir hrauninu (ST-14). Mynd 3 sýnir hvernig afstaðan er.

## 2.2 Boranir

### 2.2.1 Almennt

Á svæðinu voru boraðar 9 loftborsholur, PH-1-9, og ein kjarnahola ST-16, (sjá mynd 4 og töflur 5 og 9). Dýpi PH-holanna er á bilinu 19,5 - 31 m, en alls voru boraðir 228,5 m. Dýri ST-16 er 57,8 m.

Tilgangurinn með loftborsholunum var fyrst og fremst að kanna grunnvatn á svæðinu, en jafnframt fengust jarðfræðilegar upplýsingar. Í öllum tilvikum var borað í gegnum efsta hraunið THi (Búrfellshraun), en vegna erfiðleika við borun í millilaginu undir því tókst aðeins í tveimur tilvikum (PH-6 og 7) að þreifa á undirliggjandi bergi, sem er líklegast Tungnaárhraunið THf oft nefnt Kvíslahraun (Elsa G. Vilmundardóttir munnl. upplýsingar).

Kjarnaholan ST-16 var boruð í því skyni að fá fyllri mynd af jarðfræði svæðisins. Þar kom í ljós að a.m.k. þrjú nútímahraun (Tungnaárhraun) eru til staðar. Er komið var í gegnum þriðja hraunið á 60 m dýpi festist kjarnarör ásamt borstöngum vegna hruns í holunni og reyndist þannig ókleyft að ganga úr skugga um hvort fjórða hraunið eða grunnberg tæki þar við. Mun dýpra er þó á grunnberg en búast mætti við ef grunnbergshryggur milli Vaðöldu og Búðarháls hefur hindrað eldri hraunin í að renna inn dalinn milli Fitjaskóga og Búðarháls.

### 2.2.2 Borholusnið og jarðlagaskipan

Borholusnið PH-holanna eru teiknuð með hliðsjón af borhraða og svarfsýnagreiningu (mynd 5). Þau eru túlkuð í tengslum við almenna þekkingu á jarðfræði svæðisins, sem byggir á kortlagningu og kjarnaborun fyrri ára. Snið kjarnaholunnar ST-16 er gert á hefðbundinn hátt (mynd 24).

Þessar holur eru tengdar eldri kjarnaholum á svæðinu (mynd 6). Sniðin sýna að nyrst á svæðinu er hraunið THi þykkast eða 24 - 26,5 m í PH 3-5 og ST-16, en þynnist er sunnar dregur (10,5 - 19,2 m). Vestast, í áttina að Búrfelli, í holum PH-8 og 9 er hraunþykktin 15 og 16 m. Hallastefna hraunsins THi er norðlæg, sbr. botn hraunsins THi og er það í samræmi við rennslisstefnu

þess. Ljóst er að jaðrar þeirra hrauna sem liggja næst undir THi (THf og THd) eru einhvers staðar á svæðinu milli TH-3 og ST-16 annars vegar og ST-17 - ST-21 hins vegar, sjá myndir 4 og 6. Hæð á neðra borði hraunsins THi á mismunandi stöðum gefur vísbendingu um hvernig landslag var þegar það rann. Hafi það runnið fram af misfellum eins og t.d. hraunjaðri og út á sléttan flöt myndi slíkt sjást. Nánar er fjallað um það í kafla 2.6 og mynd 13.

### 2.3 Viðnámsmælingar

Dagana 3.-7. júlí 1979 voru gerðar 12 viðnámsmælingar með Schlumberger-uppsetningu umhverfis Vaðöldu milli Sandafells og Búðarháls (mynd 7). Markmið mælinganna var að kanna útbreiðslu Tungnaárhrauna þarna og kortleggja dýpi á berggrunn. Sams konar mælingar voru gerðar árið 1978 fyrir norðaustan þessar, eða milli Búðarháls og Þjórsár (Björn Jónasson o.fl. 1979). Viðnámsmælingar voru túlkaðar með aðstoð tölvuforrits sem finnur bestu samsvörun við mæligögnin miðað við gefin skilyrði. Skilyrðin eru lagafjöldi og stundum tilteknar þykktir eða eðlisviðnám laga. Fyrst var leitast við að fá sem best samræmi milli viðnámsgilda sömu laga í mælingunum (t.d. svipuð botnviðnámsgildi) án þess að setja skilyrði um þykktir. Niðurstöður þeirrar túlkunar, byggðar á 2-4 tölvukeyrslum hvernar mælingar er að finna í töflu 1 ásamt kortahnitum mælimiðjanna (nákvæm hnit mælimiðja SV-3, SV-9 og SV-12 eru að vísu ekki til). Niðurstöðurnar reyndust í litlu samræmi við það sem vitað er um jarðlög á svæðinu. Vegna þess var reynt að setja fleiri skilyrði í tölvutúlkun mæligagnanna í von um betri árangur. Þessi skilyrði voru einkum að fram kæmi rétt jarðvatnshæð (en hún er þekkt á mælisvæðinu) og að hraun neðan jarðvatnsborðs hefðu svipað viðnámsgildi í öllum mælingunum. Ekki tókst þó að lesa neinar frekari upplýsingar út úr niðurstöðum tölvutúlkunar með þessum skilyrðum og eru þær því ekki birtar hér og það sem hér er neðan er sagt um niðurstöður mælinganna byggist á fyrri tölvutúlkuninni (tafla 1).

Hraunlagastaflinn sem vitað er um austan til á svæðinu (mynd 3) kemur ekki fram sem viðnámslag af réttri eða sennilegri þykkt. Ekkert verður því fullyrt með vissu um útbreiðslu og þykkt hraunanna. Í hluta mælinganna kemur þó fram auðkennilegt viðnámslag, 25 - 40 m þykkt og með eðlisviðnám 3800 - 5500  $\Omega$ m, á dýpi sem ætti að svara til efsta hluta hraunlagastaflans. Sé nú gert ráð fyrir að útbreiðsla þessa lags endurspegli þykkt hraunlagastaflans liggur jaðar hans u.þ.b. þar sem viðnámskil eru sýnd á mynd 7.

Ekki reyndist heldur unnt að ákvarða dýpi á berggrunn með viðnámsmælingum þar sem efsti hluti hans hefur sama viðnám og setið sem mun liggja ofan á honum undir hraununum. Nánar er fjallað um mæliaðferðina í Viðauka C.

Að lokum nokkur orð um viðnámsgildin í neðsta viðnámslaginu. Í fyrrnefndri skýrslu um mælingarnar frá 1978 var talið að botnviðnám milli Búðarháls og Þjórsár væri 10 - 30 Ωm og gæti það bent til einhvers jarðhita. Mælingarnar í þessari skýrslu gefa einnig þessar vísendingar.

#### 2.4 Segulmælingar

Tilgangur. Valdir voru staðir þar sem vitað var að hraunlagastaflinn var a.m.k. 50 m þykkur og rétt segulmagnaður (TH-2 og ST-16). Þaðan var segulmælt að ST-15 en þar er vitað að einungis var 30 m þykkt hraun á yfirborði en 70 m þykkt set undir (mynd 3). Þegar vitað er um segulmögnunina í hrauninu má reikna út það segulfrávik sem verður á mótum hrauns með hátt segulsvið og sets með lægra segulsvið. Mæliferillinn ætti að sýna slík frávik. Samanburður mæliferla og reikniferla gæti því sýnt hvar hraunjaðarinn liggur.

Mæling og úrvinnsla. Til verksins var notaður prótrónumælir frá Geometrics. Mældar voru 7 línur 4 - 5 km langar. Bilið milli lína var 500 m en mælt var á 20 m bili eftir hverri línu. Mæliúnurnar slitna allar um Tungnaá (mynd 8).

Við mælingu kom í ljós að veruleg óregla var í segulsviðinu. Slíkt er algengt á hraunum, sérstaklega ef þau eru brotin. Mikil hætta er á að segulfrávik sem stafa frá dýpri myndunum sjáist ekki vegna þessarar óreglu. Það þarf því að meðhöndla mæligögnin sérstaklega til að draga fram slík frávik. Sú gagnavinnsla getur verið ýmiss konar síun á mæliferlinum t.d. með því að reikna hlaupandi meðaltöl og krossfylgni við útreiknaða ferla. Við gagnavinnslu er nokkur hætta á að ýmsar upplýsingar tapist og menn leiðist afvega í túlkunum. Öll gagnavinnsla stýttir þann hluta ferilsins sem er marktækur. Því veldur það talsverðum truflunum að ferlarnir slitna um Tungnaá. Ennfremur er rétt að benda á að þegar krossfylgnin var metin var mæliferillinn borinn saman við útreiknaða ferla. Þessir útreiknuðu ferlar byggja á gefnum forsendum, en þær styðjast við tiltækar jarðfræðilegar upplýsingar sem eru langt frá því að vera tæmandi. Forsendurnar þurfa því ekki að vera réttar. Krossfylgnin stenst ekki séu þær ekki réttar, þ.e. segulfráviknið sem verið er að leita í mæliferlinum væri þá ekki fólgið í honum.



Staðsetning á hraunjaðri THi. Endanleg úrvinnsla byggðist á því að bera saman útreiknaða ferla af mótum hrauns og sets og mæliferla (krossfylgni). Þeir staðir sem sýna skástan samanburð eru sýndir á mynd 8. Nokkuð er það tilviljunarkennt hvar slíkir staðir eru. Margir þeirra eru á svæði sem sannanlega er inni á hraunlagastaflanum (þ.e. fyrir sunnan ST-16). Það að svo margir staðir á hverri línu komi til greina bendir til þess að forsendur líkansins standist ekki fullkomlega. Þá er rétt að minnst á að góður samanburður kemur fram í enda hvers mæliferils við Tungnaá. Gallinn er að ferlarnir eru allir slitnir í sundur við ána. Þannig er aðeins hægt að meta hluta af mæliferlinum við ána. Hvort hin góða samsvörun þar stafar af ánni sem slíkri, bjögunar vegna gagnavinnslu eða að þar liggi hraunjaðarinn er erfitt að dæma um. Nánar er fjallað um segulmælingar í Viðauka B.

Niðurstaða. Þrátt fyrir mikla vinnu við meðhöndlun segulmæligagna hefur enn ekki verið skorið úr um legu hraunjaðarsins THf með neinni vissu. Líkanið sem var notað virðist ekki vera nægilega trúverðug lýsing á raunveruleikanum. Það að mæliferlarnir slitna um Tungnaá getur einnig haft sitt að segja. Hið eina sem virðist hægt að segja er að mjög ólíklegt er að hraunjaðarinn liggi fyrir norðan Tungnaá á því svæði sem mælt var á.

Boranir á sumrinu 1980 munu vonandi skera úr um hvort sú túlkun sem hér birtist á mynd 8 er rétt. Meðan engin staðfesting liggur fyrir er hafður fyrirvari á þeirri túlkun.

## 2.5 Grunnvatn

### 2.5.1 Almennt

Á tímabilinu júní til nóvember 1979 fóru fram allitarlegar jarðvatnsmælingar á svæðinu. Mæld var grunnvatnshæð í flestum holum nýjum og gömlum. Þá voru grafnar gryfjur til grunnvatnsrannsókna, PH-10 til 15. Auk þess var mæld grunnvatnshæð í stöku gryfjum GR en þær voru annars gerðar til að kanna laus jarðlög (kafli 3.2). Síritandi grunnvatnsmælar voru settir í borholurnar TH-2 og ST-15. Það var gert í samvinnu við Straumfræðistöð Orkustofnunar. Síritinn í ST-15 gaf mikilvægar upplýsingar á meðan dæluþrófun stóð (kafli 3.6) en vegna flóðahattu var hann fluttur í ST-18 um miðjan nóvember. Sem stendur eru síritandi grunnvatnshæðarmælar í ST-18, TH-2 og ST-5. Síritinn í ST-5 mælir einnig hitastig.

### 2.5.2 Mæling á grunnvatnshæð

Þess hefur áður verið getið að berggrunnur á svæðinu er frá ísöld. Hann kemur fram í fjöllum og hæðum er standa upp úr jafnsléttunni. Tungnaárhraunin hafa síðar runnið og fyllt að hluta upp lægðir milli þessara eldri myndana. Mynd 9 sýnir jarðvatnshæð á svæðinu samkvæmt mælingum á rannsóknatímabilinu 1979. Hún styrkir mjög fyrri hugmyndir að aðalrennslisleið jarðvatnsins sé í Tungnaárhraununum. Eldra bergið er yfirleitt mun verr vatnsleiðandi en Tungnaárhraunin. Mynd 9 gefur til kynna að víðast sé tiltölulega lítið innstreymi úr því og inn í hraunið, þó er nokkur vísbending um slíkt innstreymi hjá ST-5. Gögn eru þó af nokkuð skornum skammti til að fullyrða um þetta. Af mynd 9 má ennfremur lesa að aðalinnstreymissvæði inn á hraunsléttuna séu tvö: Annars vegar frá Búðarhálsi og inn að Tagli og hins vegar milli Fitjaskóga og Búðarháls. Auk þess lekur efalítið eitthvað vatn niður í hraunin úr ánum. Aðalafrennsli af hraunsléttunni er síðan milli Búrfells og Sauðafells og að einhverju leyti milli Skeljafells og Stangarfjalls um Gjána.

Mynd 10 sýnir nákvæma grunnvatnshæð milli Sandafells og Búðarháls. Þar kemur fram grunnvatnsstraumur út á sléttuna í gegnum þversnið er liggur milli Fitjaskóga og Búðarháls. Grunnvatnshalli sunnan við Tungnaá í grennd við PH-4 og PH-5 er meiri en í dalnum milli Búðarháls og Fitjaskóga. Það er trúlegast vísbending um að hraunið sé þar þéttara auk þess sem gera má ráð fyrir einhverjum leka úr Tungnaá. Í nágrenni Blautukvíslar allt suður að Tungnaá er staðbundin fölsk jarðvatnslinsa. Vatn þetta rennur úr vestanverðum Búðarhálsi og Tungnaá eftir vatnsleiðandi malarlagi sem hvílir á afar leir- og siltfylltum hraunkarga (mynd 10).

Eins og áður er getið er á vegum Straumfræðistöðvar Orkustofnunar verið að vinna úr eldri mælingum á svæðinu. Þar kemur fram sem og í töflu 2 að mjög góð samsvörun er í breytingu á grunnvatnshæð á milli einstakra staða í Tungnaárhraununum frá Búrfelli upp að Langöldu. Hraunin virðast því vera tiltölulega vel vatnsleiðandi (Straumfræðistöð óbirt gögn). Síritarnir sem getið var um í 2.5 eru liður í rannsókn fyrir líkansgerðina. Þeir eiga m.a. að hjálpa til við að meta hvort verulegur grunnvatnsstraumur sé í hrauninu milli Fitjaskóga og Búðarháls. Sem stendur bendir fátt til að svo sé.

### 2.5.3 Hitamæling á grunnvatni

Jarðvatnshitamælingar í borholum eru mjög fljótvirkar og því heppilegar til að fá grófa hugmynd um jarðvatnsstrauma og kerfi. Varast ber þó að draga of víðtækar ályktanir af þeim þar sem margs konar mengun getur skemmt mælinguna. Má þar nefna ef borað er í staðbundna jarðvatnslinsu svo og breytingar á hita yfirborðsvatns t.d. leysingar og árvatn. Hætta er á að slíkt yrði túlkað sem sjálfstætt grunnvatnskerfi ef aðgát er ekki höfð. Mynd 11 sýnir að greina má allt að 4 grunnvatnsstrauma á svæðinu, þó með þeim fyrirvara er að ofan getur. Myndin er byggð á hitamælingum, sjá hitaferla mynd 12 og töflu 3.

Straumur I kemur úr SA, á milli Dyngna og Stóra-Melfells, sveigir svo fyrir Valafellið til SV í átt til Búrfells. Hiti hans er 5,5 til 5,7°C. Það er sammerkt með borholunum í þessum straumi, að hitinn er nær eins í þeim öllum, nær sama hitameðaltal og hiti breytist lítt með dýpi og tíma.

Straumur II klofnar líklegast um Langöldu og er með vestlæga stefnu. Hiti vatnsins er 4,2 - 4,6°C. Í þessum straumi eru fáar holur, en hiti vatnsins er mjög svipaður og í straumi I.

Þessir tveir straumar mynda saman meginstraum sem kemur inn milli Búðarháls og Valafells sbr. kafla 2.5.2.

Straumur III kemur úr lögðinni milli Fitjaskóga og Búðarháls. Þessi straumur í síðjökultíma- og nútímamyndun svæðisins á rætur að rekja til jarðvatns úr grunnberginu og leysingavatns frá Fitjaskógum og Búðarhálsi, einkum þeim síðarnefnda. Þá getur hann verið að hluta leki úr Þjórsá. Hiti vatnsins er 4,0 - 5,0°C. Mikil óregla er í hitaferlum hans. Það stafar af blönduðum uppruna. Hitinn í grunnberginu vex með dýpi. Holurnar næstar Þjórsá (ST-17, 18 og 19) eru óreglulegastar.

Nokkur spurning er hvort það sem kallað er straumur IV sé í rauninni sérstakur straumur sökum þess að svæðið þar sem talið er að hann hafi áhrif hefur ákaflega breytilega grunnvatnshæð og hita. Sé hann til þá á hann líklegast fyrst og fremst rætur að rekja til Sandafells og Skúmstungna. Hiti vatnsins er 2,5 - 4,0°C. Meiri breytileiki er í hita milli borhola þar en í straumi III. Jarðfræðilegar aðstæður valda sennilegast meiri og óreglulegri blöndun á grunnvatni berggrunnsins við grunnvatn hraunanna. Þá má ekki gleyma þeim

áhrifum sem breytilegur hiti í árvatninu gæti haft á hitastig grunnvatnsins. Nú sem stendur er síritandi hitamælir í ST-5. Ætlunin er að fá staðfest með honum hvort árstíðasveiflur á hitastigi eru í grunnvatninu og hvort leki úr ánni valdi því.

Samkvæmt hitamælingum sameinast straumar I og II á hraunasvæðinu milli Búðarháls og Valafells. Hluti af straumi III rennur einnig inn á þau hraun. Trúlegast sameinast það sem eftir er að straumi III og straumur IV og renna milli Sandafells og Vaðöldu.

## 2.6 Samantekt

Niðurstöður rannsókna má draga saman í eftirfarandi þætti:

- 1 THi er þykkast nyrst eða 24 - 26,5 m en þynnist er sunnar dregur. Suðvestar, nær Búrfelli, er hraunið um 15 - 16 m á þykkt.
- 2 Kjarninn úr ST -16 gefur til kynna að fremur ósennilegt sé að grunnbergshryggur milli Vaðöldu og Búðarháls hafi varnað hraununum THf og THd að renna inn dalinn milli Fitjaskóga og Búðarháls.
- 3 Kjarnaholurnar staðfesta að jaðar hraunsins THf liggur einhvers staðar á milli ST-3 og ST-16 annars vegar og ST-17 til ST-21 hins vegar. Ennfremur að jaðar hraunsins THd er fyrir norðan ST-16.
- 4 Segul- og viðnámsmælingar reyndust fremur illa til þess að finna hve langt norður eldri hraunin ná. Túlkun þeirra beggja gefur þó til kynna að hraunjaðar THf nái ekki norður fyrir Tungnaá. Botnhæð á THi (mynd 13) og grunnvatnshallinn við Tungnaá (mynd 10) gefa sams konar vísbendingu. Þessa túlkun verður þó að taka með fyrirvara uns gengið hefur verið úr skugga um réttmæti hennar með borun.
- 5 Greina má allt að 4 mismunandi grunnvatnsstrauma með hæðar- og hitamælingum á grunnvatni í borholum. Meginhluti vatnsins kemur inn á svæðið í þversniðinu milli Búðarháls og Valafells. Vatnið rennur eftir Tungnaárhraununum og hefur aðalafrennsli út á milli Sauðafells og Búrfells og að einhverju leyti milli Skeljafells og Stangarfjalls. Grunnvatnssveifla er mjög svipuð yfir allt hraunasvæðið sem bendir til þess að hraunin séu vel vatnsleiðandi. Hitamælingarnar gefa samskonar vísbendingu.

### 3 STÍFLUSVÆÐIÐ - RANNSÓKN Á JARÐTÆKNILEGUM ÞÁTTUM

---

#### 3.1 Markmið

##### 3.1.1 Fyrri hugmyndir

Ein tilhögun í tillögum ráðgjafaverkfræðinga Landsvirkjunar frá maí 1979 (AV h/f, Virkir h/f og VST h/f 1979a) um fyrirhugaða Búðarhálsvirkjun gerði ráð fyrir að stíflað yrði fyrir dalinn milli Búðarháls og Fitjaskóga (tilhögun 2 mynd 2). Þessar hugmyndir hafa nú vikið fyrir öðrum nýrri (AV h/f, Virkir h/f og VST h/f 1979b). Samt þykir rétt að gera grein fyrir þeim rannsóknum er gerðar voru þar sem fyrirhugað var að hafa stíflusvæðið, enda koma þar flestar beint eða óbeint að notum við rannsókn þeirrar tilhögunar sem nú er stefnt að. Rannsóknir fyrir 1979 höfðu leitt í ljós að tunga úr Búrfellshrauni (THi) hafði runnið inn eftir dalnum. Hraunið er 30 m þykkt í miðjum dalnum en þynnist til jaðrana. Það er sprungið og nokkuð lekt samkvæmt lektarprófunum (Björn Jónasson o.fl. 1978). Ljóst var eftir borun og sýnatöku í ST-15 að þykkt set er undir hrauninu. Efst er mest af ósamliðum fínkorna sandi um 50 m á þykkt. Þar fyrir neðan er harðara set um 20 m þykkt (Elsa G. Vilmundardóttir o.fl. 1979).

Dalurinn er grafinn af jökli og hefur að hluta til fyllst af seti. Hraunið THi hefur síðan runnið yfir. Gervigígar í hrauninu benda til þess að þar hafi verið votlent.

##### 3.1.2. Tilgangur rannsókna

Gert er ráð fyrir 50 m hárrí stíflu í frumáætlun verkfræðiráðgjafa í maí 1979. Hækkun á vatnsborði við stífluna yrði um 45 m frá núverandi stöðu. Helstu spurningar sem þarf að fá svar við vegna endanlegrar hönnunar stíflunnar eru:

- Þolir setið þetta viðbótarálag, hvað verður mikið missig undir stíflunni og
- er hætta á verulegum leka undir stífluna, jafnvel flóðlekt?

Rannsóknir hafa beinst að því að finna svör við þessum spurningum og hvar fyrirbyggjandi aðgerða væri þörf. Hver rannsóknarþáttur er liður í þeirri viðleitni og verður hér stuttlega gerð grein fyrir markmiði hvers og eins.

Tilgangur rannsókna var að afla frumgagna fyrir útreikninga á lekt og

sigi en ekki að framkvæma þá reikninga.

Hætta á missigi. Til að meta þá hættu var aflað upplýsinga um þykkt og gerð hraunsins og setsins undir. Þykkt og gerð hraunsins var könnuð með kjarna-borun og hljóðhraðamælingum. Við könnun setsins var reynt að ná sýnunum sem mest óhreyfðum og mældur poruhluti, rúmþyngd (þurr og vot) o.fl. Meginmarkmiðið með sýnatöku var þó að afla upplýsinga til að hægt yrði að meta hegðun setsins undir álagi, þ.e. sig, skerspennuþætti, lekt og annað er varðar hönnun mannvirkisins. Sýnin eru nú í höndum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og mun hún væntanlega gera grein fyrir þeim sérstaklega.

Lekahætta. Leki undir stífluna ræðst af samverkandi áhrifum lóðréttrar lektar í yfirborðslögum og lóðréttrar og láréttrar lektar í hrauninu THi. Til að meta hvort þörf væri þéttinga í hrauninu voru gerðar umfangsmiklar dæluprófanir í borholum. Ennfremur var lekt yfirborðslaga könnuð með lektarprófunum og gryfjum víðs vegar á fyrirhuguðu lónsvæði og utan. Samkvæmt reynslu geta gervigígar, hraunjaðrar og lóðsprungur orðið opnar lekaleiðir eftir að hafa farið undir vatn (Pálmi Jóhannesson o.fl. 1978). Hljóðspeglunarmælingar voru því notaðar í leit að veikleikasvæðum, sem síðar yrðu könnuð nánar með borunum eða öðrum beinum mælingum.

### 3.2 Laus jarðlög

Til að fá vitneskju um gerð lausra jarðlaga á svæðinu voru grafnar 38 gryfjur (GR 1-23 og GR 30-44). Þær eru flestar í grennd við fyrirhugað stíflustæði milli Fitjaskóga og Búðarháls en ná þó allt suður að Tungnaá (mynd 14 og tafla 4). Dýpi þeirra er yfirleitt 1-4 m. Þá voru grafnar 11 gryfjur sem voru ætlaðar til grunnvatnsmælinga (PH-10A til 18). Dýpi þeirra var 2-6 m (tafla 5). Lýsingar voru gerðar af öllum gryfjum og sýni víða tekin (mynd 15). Myndir 16 og 17 eru þversnið sem tengja saman gryfjurnar. Þær sýna að frekar þunnt laust yfirborðslag 0,5-3 m liggur ofan á tiltölulega sléttum hraunkarga. Hraunkarginn er yfirleitt 0,5-5 m þykkur og fylltur af silti og leir. Gervigígar eru á svæðinu og kemur einn slíkur greinilega fram í þversniði II (GR-7 á mynd 16).

Lausu jarðlögin sem hvíla ofan á hraunkarganum eru að mestum hluta árframburður, þó er einnig nokkuð um fokjaróveg. Framburðurinn hefur breytilega kornastærð, frá leir og upp í grófa ármöl. Fína efnið (leir og siltur) er aðallega að finna nærri Þjórsá (sjá þversnið II, III, V, VII á myndum 16 og 17). Þetta

fína efni liggur beint ofan á hraunkarganum. Það hefur þó litla útbreiðslu. Grófara efni hefur síðan lagst þar ofan á, en víðast beint á hraunkargann.

Grófasta efnið, næst Þjórsá og við fyrirhugað stíflustæði, er sandur. Hann verður malarkenndari er nær dregur Búðarhálsi (snið I og II, mynd 16). Hlutur grófara efnis verður meiri er sunnar dregur, við Blautukvísl og Tungnaá (snið III, IV, V og neðri hluta VII, myndir 16 og 17). Ýmist skiptast þar á þunn sand- og malarlög eða að efnið er meira samblandað. Stærð þessa svæðis er 1,0 til 1,5 km<sup>2</sup> og þykktin er 1 - 2 m.

Ofan á öllu svæðinu liggur svo víðast þunnt lag (10 - 50 cm) af siltríkum foksandi aðallega af áraurum Þjórsár ofan fyrirhugaðs stíflustæðis.

Niðri á Sultartanga er hlutur foksands mestur eins og kemur fram í sniðum PH-15A, PH-17 og PH-18 (mynd 15).

### 3.3 Hljóðhraðamælingar

#### 3.3.1 Inngangur

Sumarið 1979 voru framkvæmdar hljóðspeglunarmælingar á línunum R, S og T (mynd 18). Er þar um að ræða beint framhald á þeim mælingum sem framkvæmdar voru sumarið 1978 (Björn Jónasson o.fl. 1979).

Markmiðið með hljóðspeglunarmælingunum var að finna þykkt hraunsins THi og tengja þannig á milli borhola á fremur ódýran hátt. Ennfremur er reynt að meta mælingarnar í tengslum við eldri hljóðbrotsmælingar til að finna veikleikasvæði í hrauninu, t.d. hvar gervigígasvæði gætu verið. Eldri mælingarnar voru endurtúlkaðar í ljósi breyttra aðferða (sjá neðar).

Þá var þykkt á lausum jarðlögum við fyrirhugað yfirfall í Búðarhálsi og stífluenda við Fitjaskóga könnuð með hljóðbrotsmælingum.

#### 3.3.2 Hljóðspeglunarmælingar

Úrvinnsla við fyrri mælingar hefur verið rakin í skýrslu Orkustofnunar frá 1979 (Björn Jónasson o.fl. 1979). Aðferðum við úrvinnslu var hins vegar breytt nokkuð frá því sem tíðkast hefur. Þar sem borholur sýndu nokkur frávik á þykkt hraunsins miðað við það sem hljóðspeglunarmælingarnar gáfu

til kynna, var gripið til einfaldra leiðréttinga til að stilla niðurstöður mælinganna af. Fyrst og fremst var leiðrétt fyrir mismunandi þykkt og hljóðhraða í yfirborðslagi. Hljóðbrotsmælingarnar frá árunum 1977 og 1978 (OS-ROD-7819 og OS79008/ROD05) voru lagðar til grundvallar þeirri leiðréttingu. Túlkun mælinganna hefur nú stuðning af þeim borunum sem voru gerðar síðastliðið sumar (kafli 3.4). Aðferðum við úrvinnslu er lýst í sérstakri greinargerð (Halína Bogadóttir & Davíð Egilson 1980).

Hinar nýju túlkunaraðferðir hafa breytt nokkuð fyrri hugmyndum um þykkt hraunsins. Hefur tímaleiðréttingin þar mest að segja.

Útreiknað dýpi á lagamót hraun - set er sýnt á mynd 18 og í töflu 6. Þar kemur berlega í ljós að hraunið þynnist inn eftir dalnum og til hliðanna. Á nokkrum stöðum orkaði tvímælis hvernig átti að túlka mælingarnar. Þar eru fleiri en ein lausn sýnd.

### 3.3.3 Hljóðhraði í THi

Nokkur áhugi var að kanna hvort mældur hljóðhraði gæti gefið einhverja vísbendingu hvar veikleikasvæði væru í hrauninu. Það er mjög sennilegt að gjallríkir blettir og gervígígasvæði hafi lægri hljóðhraða en þétt hraun.

Bylgjan í hljóðspeglunar- og hljóðbrotsmælingum berst á mismunandi hátt um jarðlögin (sjá Viðauki A). Því þótti rétt að draga saman upplýsingar um báðar mæliaðferðirnar. Fyrri hljóðbrotsmælingar voru endurtúlkaðar eftir aðferð mismunálínurita (Halína Bogadóttir & Davíð Egilson, 1980). Þar kemur fram að ekki eru sjáanleg nein lághraðasvæði, þar sem stíflugarðar fyrirhugaðrar Búðarhálsvirkjunar eiga að vera nema á jöðrum Búrfellshrauns (THi).

Mynd 19 sýnir hins vegar jafnhraðalínur byggðar á hljóðspeglunarmælingum. Ástæða er til að bora í og kanna þau svæði nánar sem hafa lægstan hljóðhraða. Þar gætu verið einhvers konar veikleikasvæði.

### 3.3.4 Yfirfallið

Við fyrirhugað yfirfall í tilhögun 2 (mynd 2) voru gerðar 16 hljóðbrotsmælingar. Mynd 20 sýnir staðsetningu mælinganna. Það er nokkrum erfiðleikum háð að túlka 5 mælinganna enda eru aðstæður ekki hinar ákjósanlegustu. Breytilegur hljóðhraði á lausum yfirborðslögum og misþykkur "jökulruðningur" valda óvissu



í túlkun. Þær mælingar sem áhöld eru um hvort sýna eitt eða tvö hljóðhraðalög eru merktar sérstaklega. Dýpi á grunnberg gæti verið þar meira en túlkunin segir til um.

Borholan BH-1 er á milli hljóðhraðamælinganna BH-10 og JBH-12. Samsvörun milli hljóðhraðamælinganna og lagskiptingarinnar eins og hún sést í holunni er ekki góð (mynd 20). Sennilegast skýringin er sú að jökulruðningurinn/jökulbergið sé það þétt að hljóðhraðamunur milli þess og grunnbergsins sé of lítill til að greinast í mælingunni. Hin reiknuðu hljóðhraðaskil sýndu þá hvar jökulbergið væri orðið mjög þétt og hefði háan hljóðhraða. Það sama er líklegast víðar uppi á teningnum.

Eftirfarandi kemur fram við úrvinnslu mælinganna (mynd 20 og tafla 7):

- 1 Ýmist tvö eða þrjú hljóðhraðalög koma fram í mælingunum. Lághraðalagið 0,3 - 1,0 km/s túlkast sem laust yfirborðslag. Millihraðinn (1,0 - 1,8 km/s) er svipaður og gildir almennt um jökulruðning. Háhraðalagið er 2,8 - 4,0 km/s.
- 2 Lagskipting hljóðhraðalaganna þarf ekki að endurspeglar jarðlagaskipan. Háhraðalagið getur verið annað hvort þétt jökulberg eða grunnberg.
- 3 Mælingarnar gefa vísbendingu að bergið sé yfirleitt hart og geti þolað vel þá fergingu sem stíflan veldur.

### 3.3.5 Stífluendinn við Fitjaskóga

Hljóðbrotsmælingum var beitt til að kanna dýpi á fast þar sem tilhögun 2 (mynd 2) gerir ráð fyrir að stífluendinn tengist í hlíðina við Fitjaskóga. Alls voru mæld 17 snið. Mynd 21 sýnir afstöðu mælinganna. Þrjár þeirra, SH-14, SH-16 og SH-17, eru nokkuð erfiðar í túlkun og skal varast að byggja of mikið á þeim.

Eftirfarandi kemur fram í úrvinnslu mælinganna (tafla 8 og mynd 21):

- 1 Mælingarnar sýna nær undantekningarlaust tvær gerðir af hljóðhraðalögum: Yfirborðslög með lágan hljóðhraða og berggrunn eða jökulberg með háan hljóðhraða.
- 2 Þykkt lausra yfirborðslaga er yfirleitt á bilinu 0 - 5 m og 1 - 3 m á fyrirhuguðu stíflustæði.
- 3 Hraðinn í háhraðalaginu er 3,0 - 3,9 km/s með þremur undantekningum. Samkvæmt reynslu er berg með svo háan hraða yfirleitt vel hart.
- 4 Samanburður á mæliniðurstöðum og gögnum úr borholu BH-1 sýnir að ekki

er hægt að greina hvort háhraðalagið er grunnberg eða jökulberg. Borhola, staðsett í Fitjaskógum, verður að skera þar úr. Engir augljósir vankantar sjást sem gætu valdið erfiðleikum í byggingu mannvirkisins.

### 3.4 Borun

#### 3.4.1 Almennt

Borun á fyrirhuguðu stíflusvæði Búðarhálsvirkjunar hófst fyrri hluta ágúst og lauk um miðjan nóvember. Boraðar voru sex holur á stíflustæðinu (ST-17, 18, 19, 20A, 20B og 21) eða alls 397,6 m (mynd 4). Þess utan var boruð ein 31 m djúp kjarnahola (BH-1) á fyrirhuguðu yfirfalli í Búðarhálsi (mynd 4). Töflur 9 og 10 sýna hnit, hæðir og dýpi holanna. Holur ST-17, 19, 20A og 20B voru fóðraðar með 1" og 2" rörum til að varðveita þær til grunnvatns-mælinga.

Af heildarfjölda bormetra á stíflustæðinu voru 20% boraðar með lofthamri (downhole drill), 45% með demantskrónu eða sýnataka og 35% með hjólakrónu. Þessar holur voru boraðar í gegnum hraunið THi og eru á línu sem liggur þvert yfir hrauntunguna THi (mynd 4).

Tilgangur svo ítarlegrar borunar var að kanna jarðlög á undirstöðu fyrirhugaðrar stíflu sem nákvæmast. Megináhersla var að sjálfsögðu lögð á efstu jarðlögin þ.e. hraunið THi og setið undir. Við dæluþrófanirnar (kaflí 3.6) var notast við þessar sömu holur.

#### 3.4.2 Framkvæmd borunar og greining

Eins og áður er getið var ýmsum aðferðum beitt við borun á stíflustæðinu: Kjarnaborun í bergi og sýnatöku úr lausum jarðmyndunum, hjólakrónuborun og loftborun. Þar sem notuð var kjarnaborun og sýnataka er greining bergs og lausra jarðmyndana auðveld og ótvíræð. Sömu sögu má segja um loftborun vegna þess að hún fór eingöngu fram í hrauninu THi og út frá borhraða er augljóst hvenær farið er í gegnum það. Enga grein er þó hægt að gera fyrir innri gerð hraunsins eins og sprungum og þéttleika hraunsins þegar loftborun er beitt. Við loftborun og hjólakrónuborun voru tekin svarfsýni og þau greind á rannsóknarstofu ROD.

Samfelldur kjarni var tekinn úr ST-17 niður að 106 m dýpi frá holutoppi.

Neðsti hluti hans reyndist vera sæmilega samlímt set frá síðjökultíma. Þar fyrir neðan var borað með hjólakrónu og svarfsýni tekin. Engin áberandi skil komu fram í borhraða þegar farið var úr setinu niður í grunnbergið. Borhraðinn í efsta hluta grunnbergsins var hár eða um 0,5 m/mín. Skilin milli sets og grunnbergs varð því að greina út frá svarfsýnunum. Þau reyndust vera á 106 - 110 m dýpi eða rétt neðan við þar sem kjarnaborun hætti. Grunnbergið sem við tekur er súrt ummyndað berg (Elsa G. Vilmundardóttir munnl. uppl.).

Borhraðinn minnkaði smám saman þegar neðar dró, allt niður í 0,25 - 0,17 m/mín. Sá hraði er þó mun meiri en er í síðjökultíma mynduninni í ST-15 (Björn Jónasson o.fl. 1979) og ST-19. Borhraðinn þar reyndist vera 0,17 - 0,07 m/mín. Talið er að grunnbergið þar sé basalt og andesít. Afköst hjólakrónunnar í grunnberginu í holu ST-17 voru mjög mikil. Tók borun neðstu 94 metra aðeins 2 1/2 dag.

### 3.4.3 Borholu- og jarðlagasnið

Á borholusniðum (sjá myndir 22 - 24) er gerð nákvæm kjarnagreining og þar koma fram ýmsar aðrar upplýsingar eins og jarðvatnsdýpi, kjarnaheimta, RQD (Rock Quality Designation), hæð jarðlagaskila, lektarprófanir o.s.frv. Jarðlagagreiningin er dregin saman í einfaldað jarðlagasnið (mynd 25). Það berg sem borað var í gegnum skiptist þannig niður á eftirtaldar jarðlagamyndanir:

Laust yfirborðslag %	Hraun THi %	Laust set %	Hart set %	Grunnberg %
2,6	36,4	14,7	21,6	24,8

Laust yfirborðslag, 0 - 3 m að þykkt, þekur hraunkargann, sjá nánar kafla 3.2. Skilin milli yfirborðslags og setsins þar sem hrauni sleppir við hlíðar Búðarháls eru óljós (sjá mynd 2.5).

Hraunið THi er nokkuð vel þekkt hvað varðar innri gerð, þykkt og útbreiðslu að undanskilinni nákvæmri staðsetningu hraunjaðarsins, sem einkum var

ákvarðaður með segulmælingum 1977 og 1978 (sjá Björn Jónasson o.fl. 1979).

Hraunið er mjög jafnþykkt eða á bilinu 28,4 - 29,7 m nema í jaðarholunum ST-20A og B, Búðarhálsmegin, þar sem þykktin er 13,5 og 14,8 m. Efst er kargi, afar silt- og leirfylltur, á bilinu 2 - 4 m. Þetta á örugglega ekki við á öllu stíflustæðinu, því víða eru gervigígar á svæðinu og nær kargi og gjall í þeim tilvikum dýpra niður í hraunið, sjá mynd 16 og kafla 3.2. Þá tekur við afar blöðrótt og skápótt hraun, sem verður smám saman þéttara er neðar dregur og lang þéttast og heillegast rétt áður en botnkarginn tekur við. Hraunið er mjög sprungið, þ.e. í því eru stuðlasprungur og óreglulegur sprungustrúktúr (mikroprungur), en við borun brotnar kjarninn um þær síðarnefndu (kurlast). Kjarninn er því yfirleitt ekki sterkur, RQD innan við 50 nema þá allra neðst, í þéttasta hluta hraunsins. Ljóst er út frá gervigígum á svæðinu, setinu undir og aragónítmyndun í því (Elsa G. Vilmundardóttir o.fl. 1979) að hraunið hefur runnið yfir votlendi. Það hefur orsakað aukna sprungumyndun í hrauninu vegna hraðs samdráttar hraunsins af völdum vatnsins, (sjá t.d. RQD í borholusniðinu ST-16 og 19 á mynd 24). Neðan yfirborðskargans eru allar sprungur og holrúm laus við leir- og siltfyllingar, nema hvað vottur er af hvítri skán, líklegast kalk, er á stöku stað. Sama er að segja um botnkargann. Hann nær allt að 2,6 m þykkt við suðurjaðar hraunsins Búðarhálsmegin og er þar mjög gjallkenndur. Um miðbik hrauntungunnar og að norðurjaðri hennar nær botnkarginn mest 1,2 m þykkt.

Lausa setið, sem meginhluti hraunsins hvílir á, er aðallega sandur. Hann hefur að mestu sest til í vatni (kafla 3.5). Í borholu ST-19 voru tekin sýni með sýnataka úr efstu 13 - 14 m setsins. Þá var aðeins þreifað á setinu í ST-21 og farið í gegnum það í ST-20A og B. Þar reyndist aðallega vera gjóska, sem hefur líklegast ekki fallið í vatn. Milli hrauns og hlíðar Búðarhálsmegin, er ekki ljóst hvort setfyllingin er laus eða hörð, þ.e. hvort hún tilheyrir nútímamyndun eða sé frá síðjökultíma.

Á 41 m dýpi í borholunni ST-19 er um 3 m þykkt, þétt "hvarfleirslag" (sjá kafla 3.5.3) sem virðist hafa samfellda útbreiðslu. Til þess að reyna að ganga úr skugga um það var holan fóðruð með heilu 2" vatnsröri, sem nær niður í sandinn undir "hvarfleirslaginu". Síðan var steyppt utan með rörinu í og upp fyrir "hvarfleirinn" þannig að grunnvatn neðan við "hvarfleirinn" hefur aðeins aðgang upp í rörið. Grunnvatnsborðið reynist vera 3 m lægra en í grunnvatnskerfinu ofan "hvarfleirslagsins", sem styður að "hvarfleirs-

lagið" sé þétt, samfelld og hafi umtalsverða útbreiðslu og skilji þannig milli tveggja grunnvatnskerfa. Hér er því líklegast að leita skýringar á því að grunnvatnsborð mældist lægra í borholunni ST-15 eftir að borun hennar lauk haustið 1978, en í ST-14 sem er u.þ.b. 0,5 km utar í dalnum. Þegar þessar mælingar voru gerðar í ST-15 árið 1978 var holan fóðruð niður á um 80 m dýpi og hefur neðra kerfið því ráðið þessari afbrigðilegu niðurstöðu sem olli töluverðum heilabrotum, sjá OS79008/RODO5.

Hart set, líklegast frá síðjökultíma, kemur fram undir hrauninu í borholunni ST-17. Þykkt þess er a.m.k. 77 m og það samanstendur af siltsteins-, sandsteins- og völubergslögum, sem oft líkjast jökulbergi að gerð. Hart set, völuberg, a.m.k. 6 m þykkt, er ofan á grunnberginu í borholu ST-19. Sams konar jarðmyndun er einnig til staðar í borholunni ST-15 og er þar um 20 m þykk (Björn Jónasson o.fl. 1979). Í hlíðum Fitjaskóga og Búðarháls er líklegast um sams konar myndun að ræða (sjá borholu BH-1).

Í grunnberg ná borholurnar ST-17, 19 og 20A-B. Borholan BH-1 er að undanskildum efstu 7,2 metrunum í grunnbergi. Út frá svarfsýnagreiningu í ST-17 er allt grunnberg þar líparítmyndun (Elsa G. Vilmundardóttir munnlegar upplýsingar) sem á líklegast ratur að rekja til megineldstöðvarinnar í Þjórsárdal. Þetta berg er trúlegast eldra en Þröngubása móbergið og því talið eldra en 1,6 milljón ár. Holur ST-19 og 20A+B enda allar í þóleiítbasalti, sem liggur ofar í staflanum og yngra en líparítið (mynd 25). Í borholunni BH-1 (mynd 49) tekur grunnbergið við neðan 7,2 m setlags frá síðjökultíma. Þar koma í ljós tvö basaltlög aðskilin af 2,5 m setbergslagi. Bergið er þétt og heillegt og lekt þess hverfandi.

#### 3.4.4 Jarðlagaskipan og jarðsaga

Skipta má jarðlögum á svæðinu í tvo meginflokka (mynd 3). Annars vegar í grunnbergsmýndun og hins vegar í síðjökultíma- og nútímamyndun. Milli þessara myndana er mislægi. Grunnbergsmýndunin hlóðst upp á tímabilinu fyrir u.þ.b. 2,0-0,8 milljónum ára, en síðarnefnda myndunin á síðustu 15.000 árum. Mislægið milli þessara myndana á fyrst og fremst ratur að rekja til jökulrofs. Ekki má draga þá ályktun að samfelld upphleðsla hafi átt sér stað í grunnbergsmýnduninni og hún sé þar af leiðandi regluleg að uppbyggingu. Á nálægum svæðum eru mörg dæmi þekkt um mislægi í myndunum frá þessum tíma.

Á fyrirhuguðu stíflustæði milli Búðarháls og Fitjaskóga er um 100 m þykk

dalfylling, síðjökultíma- og nútímamyndun sem hvílir á grunnbergsmýndun, sjá mynd 25.

Grunnbergsmýndunin er aðallega byggð upp af basaltlögum. Á milli basaltlaganna eru víða setbergslög. Samkvæmt borunum eru setlöginn þunn, en ná þó 7,2 m þykkt. Rúmlega 100 m (180 m y.s.) undir dalbotninum Fitjaskógsmegin fannst líparít sem ef til vill á rætur að rekja til megineldstöðvarinnar í Þjórsárdal. Líparít a.m.k. 100 m þykkt er einnig að finna töluvert ofar í jarðlagastaflanum, sbr. Ingibjörg Kaldal og Skúli Víkingsson 1973. Það er afar áberandi í hliðum Fitjaskóga en finnst í rótum Búðarhálsins. Líklegast fleygast það inn í hálsinn.

Síðjökultímamyndunin er samsett úr siltsteins-, sandsteins- og völubergslögum sem oft líkjast jökulbergi að gerð. Sennilegast er þetta einhvers konar ár- eða lónset. Til þess bendir afar áberandi lagskipting í ST-17 (skálagáð) og reyndar einnig í BH-1. Líklegast er að í lok síðasta jökulskeiðs hafi jökull lokað fyrir dalsmynnið milli Búðarháls og Sandfells og jökultunga væntanlega kelft fram í lón milli Búðarháls og Fitjaskóga. Endurtekning siltsteins-, sandsteins- og völubergslaganna væri hægt að skýra með hopun og framskriði jökultungunnar. Hver vatnsstaða þessa lóns hefur verið er lítið hægt að fullyrða um enda líklegast breytileg. Hugsanleg hæstu ummerki slíks lóns gætu verið í allt að 400 m y.s., (Ingibjörg Kaldal og Skúli Víkingsson, 1972). Samfara því að ísa leysti að mestu af landinu fyrir u.þ.b. 10.000 árum hefur þessi setfylling rofist vegna vatnagangs og út frá hjöllum í mismunandi hæð Fitjaskóga- og Búðarhálsmeigin má ráða að slíkt hefur átt sér stað í þrepum.

Nútímamyndunin er samsett af um 50 m þykku lausu seti sem einkum er sandur og hins vegar allt að 30 m þykku hrauni. Hraun þetta er runnið fyrir u.þ.b. 3.000 árum og er eitt af svonefndum Tungnaárhraunum, THi. Hraunið er þakið þunnu (1 - 2 m) lausu yfirborðslagi.

Þegar síðjökultímamyndunin hafði náð ákveðnum rofmörkum hófst upphleðsla á nýjan leik. Þannig er mismunandi milli síðjökultíma- og nútímamyndanna. Líklegast er að hraunaupphleðsla annars vegar milli Búðarháls-, Sandafells og hins vegar Valafells hafi skapað skilyrðin fyrir uppbyggingu setsins. Hraunin hækkuðu landið á svæðinu fyrir sunnan (neðan) og setið hlóðst jafnframt upp að ákveðnu marki á stíflusvæðinu og þannig koll af kolli en til þess bendir uppbygging setsins (sjá skýrslu Orkustofnunar OS79025/ROD05).

Eins og fyrr segir rann hraunið THi inn eftir dalnum fyrir u.þ.b. 3.000 árum og stöðvaði þar með þessa samfelldu upphleðslu lausa setsins sjá mynd 3, sem þá var orðið allt að 52 m þykkt. Líklegasta skýringin á því að hraun nær ekki að renna fyrir inn í dalinn milli Búðarháls og Fitjaskóga er sú að hraunupphleðslan á suðursvæðinu hefur ekki verið búin að hækka landið nægjanlega mikið. Þannig hafa öll eldri hraunin runnið til suðvesturs milli Sandafells og Valafells, sem er "meginfarvegur" Tungnaárhraunanna á þeim slóðum. Enn er þó ekki kleift að segja með neinni vissu hver eftirtalinna atriða hindruðu eldri hraun en THi í að renna inn eftir dalnum milli Fitjaskóga og Búðarháls:

- 1 Landslag (hér er aðeins átt við hæðarmun, þ.e. auðveldara hefur verið fyrir hraunin að renna til suðvesturs milli Sanda- og Valafells í áttina að Búrfelli).
- 2 Lón (vatnskæling stöðvar hraunrennslið), og setmyndun samfara því.
- 3 Grunnbergshryggur milli Vaðöldu og Búðarháls sem varnar því að hraun komist inn í dalinn.

### 3.5 Könnun á lausum jarðmyndunum, undir THi

#### 3.5.1 Almennt

Eitt helsta jarðtæknilega vandamálið sem búast má við vegna byggingar hárrar stíflu eins og tilhögun 2 gerir ráð fyrir (mynd 2) er sig. Á byggingarstigi stíflunnar má ætla að nokkuð sig verði vegna samþjöppunar sandsins, er hann leitar spennujafnvægis við aukið álag. Álagið byggir upp þórúprýsting í sandinum þegar "total" spennurnar vaxa. Þórufirþrýstingurinn jafnast þó fljótt vegna mikillar lektar sandsins, sem þjappast saman við hærri virkar spennur. Þess vegna er líklegt að sigtími verði fremur skammur og verði nokkuð samhliða stíflubyggingunni og sig í sandinum óverulegt að henni lokinni. Reikna má með að langtímasig verði fremur lítið en það þarf að kanna nánar. Líklegt er að sigið verði öllu mest fyrir miðri stíflunni, og styðja það m.a. boranir á stíflustæðinu (mynd 25). Þannig gæti orðið talsvert mismunasig í stíflunni.

Af öðrum jarðtæknilegum vandamálum má minna á næmni mettaðs fínsands fyrir floti, sem kann að verða vegna jarðskjálfta. Almennt má ætla að eftir samþjöppun sandsins í lok byggingar stíflunnar myndi flothættan minnka, þar sem samþjöppunin ætti að auka skerstyrk sandsins. Rannsókn á sandinum er

þó það skammt á veg komin að um þetta verður ekki fullyrt að sinni og benda prófanir á sandi úr ST-15 til þess að slík aukning í skerstyrk verði hverfandi þar sem "dílatansinn" virðist hverfa við mjög háar spennur. Samþjöppunin og hugsanleg aukning í skerstyrk minnkar hins vegar líkur á skriði í sandinum og minnkar lekt hans.

Lekt sandsins verður þó alltaf talsverð og má áætla hana í grófum dráttum út frá líkingu Hazens, sem byggir á sambandi kornastærðar ( $d_{10}$ ) eða holrýmdar og lektar:

$$k = 100 (d_{10})^2 \text{ sm/s}$$

Samkvæmt þessu er lekt fíns sands með 10% mélu ( $d_{10} = 0,06 \text{ mm}$ )

$k \approx 4 \times 10^{-3} \text{ sm/s}$  og lekt grófs sands með  $d_{10} = 0,2 \text{ mm}$ ,

$k \approx 4 \times 10^{-2} \text{ sm/s}$ .

Þessi áætluðu gildi gætu átt við sandinn niður að "hvarfleurinum" á um 42 m dýpi. "Hvarfleurinn" sem að mestu er méla, kom fram í ST-15 og ST-19 og má álíta hann myndi allsamfellt þétt lag á stóru svæði.

### 3.5.2 Markmið

Tilgangur með rannsóknunum á lausu jarðmyndunum var að kanna gerð og efniseiginleika þeirra með tilliti til áhrifa stíflugerðarinnar á þau. Rannsóknunum er skipt í tvennt. Annars vegar er sýnataka, greining sýna og athugun á nokkrum efniseiginleikum þeirra. Þeim þáttum eru gerð skil í þessari skýrslu. Hins vegar eru rannsóknir á sandinum þar sem kannaðir eru m.a. sigeiginleikar, skerspennuþættir, lekt og aðrir jarðtæknilegir þættir sem taka þarf tillit til við hönnun stíflunnar. Þessir þættir rannsóknanna eru ekki unnir af Orkustofnun og verða þeim ekki gerð skil hér.

Á grundvelli fenginnar reynslu við borun ST-15 haustið 1978 var staðið nokkuð öðru vísi að sýnatöku og meðferð sýna nú. Sýnatakinn var bættur og sett upp aðstaða til mælinga á helstu efniseiginleikum sýna á svæðinu. Upphaflega var áætlað að tekin yrðu sýni úr þremur borholum til ýtarlegri könnunar á gerð lausra jarðmyndana undir hrauninu (THi) en af ýmsum ástæðum varð ekki veruleg sýnataka nema úr einni holu, ST-19. Vegna þessa gafst ekki tækifæri til að framkvæma allar þær prófanir sem til stóð að gera jafnhliða sýnatökunni. Í þessu sambandi ber helst að geta jarðeðlisfræðilegra



mælinga sem vinna átti í samráði við Jarðhitadeild Orkustofnunar. Hér er um að ræða gamma - gamma og neutron - neutron mælingar sem gefa afstæð gildi fyrir rúmpýngð og holrýmð. Samhliða átti að gera próf á stöðluðum sýnum sem breyttu afstæðu gildunum í raungildi. Einnig stóð til að gera svo kallað "standard penetration" próf sem gefur samband á milli viðnáms efnisins gegn niðurrekstri sýnataka og afstæðrar rúmpýngdar ("relative density") og hugmyndir um viðnámshorn þess. Í þriðja lagi stóð til að kanna betur flæði sandsins inn í holuna en bæði í ST - 15 og ST - 19 "kom holan upp" um nokkra metra þegar farið var í gegnum sandinn á 30 - 40 m dýpi.

### 3.5.3 Sýnataka

Einn viðkvæmasti þáttur rannsóknanna er sjálf sýnatakan en hún byggist að verulegu leyti á gæðum sýnatakans og almennt á eftirfarandi þáttum:

- 1 Aðferðinni sem notuð er við að koma sýnataka niður.
- 2 Röskun jarðvegsins með sýnatakanum.
- 3 Viðnámi við innri vegg sýnataka.
- 4 Missi hliðarþrýstings á sýnið.
- 5 Missi óraskaðs þórurþrýstings ("in situ").
- 6 Sogkrafti sem myndast við upptöku sýnis.
- 7 Meðhöndlun sýnis frá sýnatöku þar til það er prófað.

Í mettuðum einkorna sandi skiptir aðferðin við að koma sýnatakanum niður meginmáli. Sandurinn er mjög viðkvæmur fyrir síbreytilegu álagi eins og verður þegar sýnatakinn er rekinn niður. Til þess að halda þessum áhrifum í lágmarki voru notuð mjög þung högg og því færri en ella þyrfti. Nú er í athugun hvernig best sé að tjakka sýnatakann niður og þannig útiloka áhrif síbreytilega álagsins.

Taka verður tillit til röskunar setsins við alla sýnatöku. Sýnatakinn ýtir setinu til hliðar og upp á við. Til þess að meta röskunina er oft stuðst við hlutfallið  $A_r$ :

$$A_r = \frac{D_o^2 - D_s^2}{D_o^2} \cdot 100\%$$

þar sem

$D_o$  = ytra þvermál sýnataka

$D_s$  = þvermál sýnis

Fyrir sýnataka Orkustofnunar sem notaður var við sýnatöku úr ST-19 er  $A_r = 58\%$ . Fyrir 2" klofin spón ("split spoon") er  $A_r = 71\%$ . Þessi gildi eru bæði nokkuð há en almennt er talið að fyrsta flokks sýni fáist ef  $A_r \sim 15\%$ . Orkustofnun á sýnataka þar sem  $A_r \approx 15\%$  og má eflaust nota hann með tjakki í fínkorna sandi og mélu.

Ekki verður komist hjá viðnámi við innveggi sýnatakans en það má minnka með því að hafa skóinn aðeins þrengri en kjarnarörið en þar með aukast breytingar hliðarspenna. Þess verður þó að gæta að sýnið þenjst ekki út er það kemur í rörið. Skórinn á sýnataka Orkustofnunar er 53 mm að innanmáli eða 1 mm þrengri en kjarnarörið.

Missir hliðarþrýstings og þórþrýstings við sýnatökuna eru alvarlegustu vandamálin sem við er að glíma. Þetta gerir það að verkum að spennuástandið í jörðinni endurspeglast ekki í sýninu. Engin viðunandi lausn er tiltæk til þess að draga úr áhrifum þessa skekkjuvalds.

Þegar sýnatakinn er dreginn upp myndast sog undir honum svo sýnið vill dragast niður úr kjarnarörinu og holan fellur einatt saman. Kjarnarýrnun af þessum sökum hefur aldrei verið umtalsverð en hrunið skapar talsvert umstang samfara hreinsun holunnar auk þess sem það raskar jarðlögum umhverfis hana.

Strax og sýnin koma upp úr holunni voru þau tekin til rannsóknar á borstað. Þetta útilokar að mestu breytingar sem á þeim kynnu að verða vegna geymslu og flutnings. Rúmþyngd, rakastig og poruhlutfall eru þeir efniseiginleikar sem ákvarðaðir voru. Það verður því að álíta að ástand sýnanna, eins og þau voru þegar þau komu upp, sé allvel þekkt.

#### 3.5.4 Greining sýna

Við borholu ST-19 er 1,4 m þykkt laust yfirborðslag sem að mestu er fok-sandur. Þykkt yfirborðskarga hraunsins THi er u.þ.b. 2,5 m. Þétti hluti hraunsins nær niður á 28,3 m dýpi (mynd 26). Út frá sýnum sem tekin voru þar fyrir neðan má ætla að frá 28,5 til 29,7 m sé gjall. Undir gjallinu er þunnt lag af sendinni fínmöl sem verður sandur með steinvölum og síðan finnsandur í 31,8 m. Fínsandinum má skipta í tvo hluta, einkorna máluríkan fínsand með þunnum ljósum vikurlögum, sem einnig er fínsandur, og fínsand með þunnum málulögum neðan 36,5 m. Líkur benda til að efnið hafi allt sest

til í vatni og er máluríki fínsandurinn sennilega upprunalega foksandur. Athyglisvert er að fínsandurinn líkist mjög þeim foksandi sem í dag fýkur yfir svæðið og virðist hlutfall ljósu vikurkornanna í honum svipað og er í setinu. Í um 41,0 m dýpi byrjar "hvarfleir" sem að mestu er lagskipt méla. Áætlað er að hvarfleirinn sé 2 - 3 m á þykkt. Þessi uppbygging setsins er mjög svipuð og í ST-15 (mynd 26).

Neðan hvarfleirsins var sýnatöku hætt en borað áfram með hjólakrónu og borleðju. Öllum gangi við borun svipaði mjög til þess sem var við ST-15 og virðist uppbygging setsins á þessum tveim stöðum mjög svipuð. Borhraði fór mjög hægt vaxandi niður á við, en samkvæmt honum var komið í völuberg á um 80 m dýpi og í fasta klöpp á 86 m dýpi. Frá 86,9 - 88,1 m dýpis var tekinn kjarni sem reyndist vera fínkornótt basalt með grænum holufyllingum og samgrónum sprungum með Kalsíti. Hrun, sem lá ofan á þessum kjarna var völubergsmolar.

Í borholu ST-20A (mynd 27) reyndist laust yfirborðslag vera 3,0 m á þykkt en hraunið aðeins 13,5 m en þykkt þess takmarkast þarna af dýpinu niður á hliðar Búðarhálsins sem hraunið rann upp að. Neðsti 1,5 m hraunsins er botnkargi. Frá 16,5 m dýpi til 19,6 m eru vikur og öskulög. Greinilegast er þar um 10 cm þykkt ljóst vikurlag sem er strax undir gjallinu og má átla að það sé  $H_4$ . Neðan 19,6 m dýpis eru hnullungar, mól og sandur ofan á grunnberginu sem byrjar á 20,2 m dýpi. Borhola ST-20B er um 10 m frá ST-20A en þar er hraunþykktin 14,8 m undir 3 m þykku sendu yfirborðslagi. Með sýnatakanum náðust góð sýni úr botnkarganum sem er afar gjallkenndur. Gjallið er einkar frauðkennt, mjög opið og fíngert og líkist um margt vikri að uppbyggingu. Undir gjallinu er vikur og aska eins og í ST-20A en engir hnullungar. Grunnberg byrjar á 20,6 m dýpi (mynd 27).

Helstu efniseiginleikar sýnanna sem athugaðir voru á borstað eru rakastig, rúmþyngd og holrýmd. Niðurstöður athugananna eru sýndar í töflu 11 og 12 og á myndum 27 og 28. Alls voru rannsökuð 24 sýni, 15 úr ST-19, 5 úr ST-20A og 4 úr ST-20B.

Athugun á sýnum úr ST-19 leiðir í ljós sams konar breytingu á rakastigi, rúmþyngd og holrýmd og var í ST-15, þ.e. rakastig og holrýmd eru hærri í fínkornóttu setinu en í sandinum og lægst eru gildin í fínmölinni og grófa sandinum. Rúmþyngdin vex svo í öfugu hlutfalli við rakastigið og holrýmdina.

Í töflu 13 eru sýnin flokkuð eftir uppbyggingu þeirra, þ.e. kornadreifingu (sjá myndir 29 og 30) og fundin meðaltöl fyrir rakastig, rúmþyngd og holrýmd hvers flokks. Þessi flokkun er þó ekki lýtalaus, þar sem rakastigið, rúmþyngdin og holrýmdin ættu að vera háð spennuástandinu eða dýpi ekki síður en efnissamsetningunni. Sýnum úr ST-19 er skipt í fjóra flokka: Sandur og fínmöl; fínsandur með mélu, méléuríkur fínsandur; og "hvarfleir" sem að mestu er lagskipt méla. Sýni úr ST-15 eru greind í fimm flokka: Sandur og fínmöl; fínsandur með mélu; méléuríkur fínsandur, méla og fínsandur; og "hvarfleir" sem að mestu er lagskipt méla.

Við samanburð niðurstaðna prófana úr ST-15 og ST-19 kemur fram allgott samræmi á milli flokka. Öll lægri raka og holrýmdargildin svo og hærri rúmþyngdargildin eru úr ST-19. Ástæðan fyrir þessu kann að liggja í eitthvað mismunandi uppbyggingu efnisins eða mismunandi meðhöndlun efnisins. Rakastig sands og fínmalar er 21,2 og 22,3%, fínsands með mélu 27,5 og 28,5%, méléuríks fínsands 36,0 og 39,7% og "hvarfleirs" (mélu) 51,1 og 56,8%. Vot rúmþyngd fínsands með mélu er 2,07 og 2,06 t/m<sup>3</sup>, méléuríks fínsands 1,96 og 1,93 t/m<sup>3</sup>, og "hvarfleirs" (mélu) 1,82 og 1,64 t/m<sup>3</sup>. Holrýmd fínsands með mélu 46,2 og 42,1, méléuríks fínsands 50 og 51,4 og hvarfleirs, mélu 61 og 62.

Þessi samanburður miðast við 100% mettun sýna úr báðum borholunum og er mettun þar reiknuð með venjulegum reikniaðferðum. Á mynd 31 er þurr rúmþyngd sýna úr ST-19 sýnd sem fall af rakastigi, miðað við mettilínu efnis með kornarúmþyngd 2,77. Meginhluti sýnanna fellur ofan mettilínunnar sem bendir til að efnin séu "hygroskopisk", eða vatnsdræg. Vatnsdrægni sandsins virðist um eða innan við 2%, samkvæmt lauslegri athugun á þrem sýnum úr ST-15. Vatnsdrægnin ein nægir því ekki til að skýra frávikin frá mettilínunni. Athyglisvert er að flest sýnin falla á mettilínu efnis með kornarúmþyngd 3,00 sem leiðir hugann að því hvort kornarúmþyngdin kunni að vera vanmetin.

### 3.5.5 Lokaorð

Niðurstöður borana ST-15 og ST-19 benda til að uppbygging setsins sé mjög svipuð á öllu svæðinu. Frekari borun mun því tæplega bæta miklu við þá jarðfræðilegu mynd sem þegar er fengin og óvíst er hversu mikilla borana er þörf til að kanna nánar jarðtæknilega eiginleika setsins. Útbreiðsla setsins þvert á dalinn er þó óljós og verður að finna hana svo unnt sé að áætla mismunasigið.

### 3.6 Dæluprófanir

#### 3.6.1 Inngangur og markmið

Á tímabilinu 79.08.15 - 79.09.04 fóru fram umfangsmiklar dæluprófanir á holum ST-17, ST-18 og ST-20.

Einnig var dælt í tvö lón  $2000 \text{ m}^2$  og  $100 \text{ m}^2$ .

Hola ST-19 og einn útgrafinn gervigigur voru rennslismæld.


Markmiðið með þessum athugunum var að meta lekt (permeability) hraunstaflans (THi) og setsins ofan á hrauninu. Við mat á leka undir stíflu hefur lektin mjög mikla þýðingu og veitir þar af leiðandi upplýsingar um, hvort sérstakra þéttingaraðgerða er þörf undir stíflu eða á lónbotninum.

Holurnar eru á fyrirhuguðu stíflustæði, sjá mynd 32.

ST-17 og ST-20 eru staðsettar þar sem segulmælingar og jarðsveiflumælingar gefa vísbendingu um hraunjaðar (Björn Jónasson o.fl. 1979), en þar er gert ráð fyrir að hraunið sé brotið. Hola ST-18 er á miðju stíflustæðinu í um 4 m fjarlægð frá ST-14. Fyrirfram var búist við mikilli lekt (permeability) á hrauninu þannig að ákveðið var að gera ekki staðlaðar lektarprófanir (pökkunarpróf), heldur var miðað við að unnt yrði að dæla a.m.k. 20 l/s í holurnar.

#### 3.6.2 Framkvæmd prófana


Dæluprófun holanna má í höfuðdráttum skipta í fernt. Í fyrsta lagi "Rennslisprófun" (sjá mynd 33). Þá er vatnið látið renna í holurnar þegar holurnar voru 6-10 m djúpar og mælt hversu miklu vatni holurnar taka við á tímaeiningu. Tilgangurinn með rennslisprófun var að fá lauslegt mat á leka efsta hluta hraunsins. Að rennslisprófun lokinni var steyp 4" fóðring í holurnar með flangs á holutoppi. Tilgangur með að steypa fóðringuna var að unnt yrði að byggja upp þrýsting í holunum, enda talið að lekt í efstu 10 m skipti ekki megin máli, þar eð þar væri þéttiaðgerða þörf hvort sem er.



MYND 33

Rennslisprófun

Í öðru lagi "prepadæling", en þá er vatni dælt í holurnar í þrepum, undir mismunandi þrýstingi. Tilgangur með þrepaðælingum er að fá mat á leiðni holanna miðað við mismunandi dýpi. Við þrepaðælingu er mældur þrýstingur á holutoppi sem er yfirfærður í vatnshæð og rennsli fyrir hvert þrep (sjá mynd 34). Þrepaðælingar voru gerðar þegar holurnar höfðu verið boraðar 15 - 17 m djúpar, ST - 17 og ST - 18 voru aftur prófaðar, þegar þær voru 25 - 26 m djúpar og loks eftir að borað hafði verið í gegnum hraunið.



MYND 34

Þrepaðæling - Langtímadæling

Í þriðja lagi "langtímadæling", en þá var dælt í holurnar 16 - 24 lítrum á sekúndu í 2 - 6 tíma og fylgst með vatnsborði í gryfjum umhverfis holurnar (sjá mynd 34).

Tilgangur með langtímadælingum er að meta leiðni hraunstaflans.

Í fjórða lagi "straummæling". Mældur var láréttur straumhraði í holunum

bæði með og án rennslis í holurnar. Tilgangurinn með straummælingum er að finna æðar þar sem vatn tapast úr holunni.

ST-18 var boruð í aðeins 4 m fjarlægð frá ST-14, með sérstöku tilliti til dæluprófana. Við dælingar á ST-18 var vatnsborðshæð í ST-14 sírituð. Með því móti fæst mun betra og áreiðanlegra mat á lekt hraunanna. Frumtúlkun mælinga úr ST-14 (gerð á borstað) leiddi m.a. til þess að ákveðið var að grafa gryfjur niður á vatn umhverfis ST-17 og ST-20 til mælinga á hreyfingu vatnsborðs við ádælingu og reyna með því móti að fá betra mat á lekt í grennd við þær. Til að fá samanburð voru grafnar gryfjur umhverfis ST-18 og þar niðurstöðum úr þeim vel saman við niðurstöður úr ST-14.

Prófun lónanna fór þannig fram að dælt var í lónin og fylgst með vatnsborði (og þar með rúmmáli) í lónunum og rennsli í þau, einnig var fylgst með vatnsborði í þeim meðan á tæmingu stóð. Tilgangur var að meta lekt yfirborðslaganna.

Við prófanir var vatni dælt úr Þjórsá. Aurburður getur því haft talsverð áhrif á niðurstöður prófananna. Í þessu sambandi má benda á að miðað við að aur í dældu vatni sé 100 mg/l fara um  $0,02 \text{ m}^3$  af aur í holu við dælingu á 20 lítrum á sekúndu í 6 tíma, en það svarar til þess að 76 mm hola grynnist um 4,4 m ef enginn aur kemst út í bergið. Aurinn leiðir því til þess að lægri lekt mælist í holunni. Einnig er rétt að benda á að við boranirnar var vatn úr Þjórsá notað sem skolvatn, þannig að bæði aur úr ánni og borsvarf hefur væntanlega náð að þétta bergið eitthvað. Reynt var að hamla gegn þessum áhrifum með því að blása lofti gegnum borstangir niður í holurnar og hreinsa þannig svarf úr holuveggjum fyrir dæluprófanir.

### 3.6.3 Úrvinnsla mælinga

Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir þeim aðferðum, sem notaðar eru við úrvinnslu dæluprófananna.

Úrvinnsla rennslisprófana. Við rennslisprófanir voru holurnar fylltar af vatni og mælt hversu miklu vatnsmagni þurfti að dæla á þær til að halda þeim fullum. Ekki tókst að fylla holu ST-20 af vatni og virtist vatnsborðið aðeins hækka um 0,3-0,4 m við  $18,5 \cdot 10^{-3} \text{ m}^3/\text{s}$  dælingu en mjög erfitt er að mæla vatnsborð í holu sem samtímis er dælt í. Dælt var í holuna þegar borað hafði verið 10 m.

Við dælingu í ST-17 var reynt að dæla í þrepum og finna vatnsborð í holunni. Úrvinnsla var með svipuðu sniði og við úrvinnslu úr þrepadælingunum sjá 3.5.3.2. Holan tók mest við  $8,0 \cdot 10^{-3} \text{ m}^3/\text{s}$ . Prófun fór fram þegar holan var 10 m djúp.

Við dælingu í ST-18 var fylgst með vatnsborði í ST-14. Leiðnin var metin á svipaðan hátt og í langtímadælingum, sjá 3.5.3.3. Holan tók mest við  $7,0 \cdot 10^{-3} \text{ m}^3/\text{s}$ . Prófunin fór fram þegar holan var 6,0 m djúp.

ST-19 tók við  $1,4 \cdot 10^{-3} \text{ m}^3/\text{s}$  þegar hún hafði verið boruð á 9,0 m.

Við dælingu í gervigíginn hækkaði vatnsborð um ca. 0,5 m við  $12,7 \cdot 10^{-3} \text{ m}^3/\text{s}$  dælingu.

Niðurstöður úrvinnslu úr prófunum eru í töflum 14, 15 og 16.

Úrvinnsla þrepadælinga. Við úrvinnslu þrepadælinga er gert ráð fyrir að hækun vatnsborðs sé á forminu:

$$\Delta h = B(t) \cdot Q + C \cdot Q^2 \quad (3.6.3.1)$$

sem einnig má rita:

$$\frac{\Delta h}{Q} = B(t) + C \cdot Q \quad (3.6.3.2)$$


þar sem  $\Delta h$  er vatnsborðshækkun (m)

$Q$  er dælt vatnsmagn ( $\text{m}^3/\text{s}$ )

$B(t) \cdot Q$  langstreymistap og háð eiginleikum hraunanna

$C \cdot Q^2$  er iðustreymistap og háð holunni og næsta umhverfi hennar.

Sjá nánar mynd 35.





Stuðullinn  $B(t)$  ræðst því að eiginleikum hraunanna og er gert ráð fyrir að líkan Theis gildi um áhrif dælingu í eða úr grunnvatnsgeymi (Anderson og Haman, 1970), þá fæst:

$$\Delta h = B(t) \cdot Q = \frac{Q}{4\pi \cdot T} W(u_p) \quad (3.6.3.3)$$

þar sem

$$\Delta h = \Delta h - C \cdot Q^2$$

$T$  er leiðni grunnvatnsgeymisins í ( $m^2/s$ )

$$u_p = \frac{r_w^2 S}{4 \cdot T \cdot t_p}$$

$r_w$  er radíi holunnar (m)

$S$  er geymslustuðull grunnvatnsgeymisins

$t_p$  er sá tími sem dæling hvers þreps varir (sek)

$W(u_p)$  er svokallað holufall ("well function")

Úrvinnslan er fólgin í mati á stuðlunum  $B(t)$  og  $C$  með aðferð minnstu kvaðrata út frá líkingu 3.6.3.1 besta "parabóla" og líkingu 3.6.3.2 besta "lína". Leiðnin  $T$  er síðan reiknuð samkvæmt líkingu 3.6.3.3. Á mynd 3.6 eru mælipunktar fyrir 3 þrepaðælingar í ST-17, ST-18 og ST-20 sýndir.

Fyrir  $u < 0,05$  gildir  $W(u) \approx \ln\left(\frac{0,562}{u}\right)$ . Fyrir stór  $t$  á því vatnsborðshækkunin að vaxa línulega með logaritma af tíma (Jacob-aðferð). Á mynd 3.7 eru mælipunktar fyrir vatnsborðshækkun á móti lógaritma af tíma settir út.

Niðurstöður úrvinnslu úr þrepaðælingum eru í töflum 14, 15 og 16.

Úrvinnsla langtímadælinga. Langtímadælingar fóru þannig fram að fylgst var með vatnsborðshækkun í holunni sem dælt var í, vatnsborðshækkun í gryfjum og ST-14 (við ádælingu á ST-18), við stöðuga dælingu.

Unnið var úr mælingum annars vegar með Jacob-aðferð sjá 3.5.3.2. Hins vegar með svo kallaðri einkennisferlaaðferð ("type curves"), sjá nánar Anderson og Haman (1970).

Við 36 mínútna dælingu 1979.08.24 kom í ljós að lengja þurfti dælutímann því að grunnvatnsgeymirinn er opinn og svokölluð seinkuð vatnsgjöf var ekki að fullu komin fram, en mat á lekt verður að eiga sér stað eftir tíma lengri

en u.þ.b. 100 mínútur.

Einkennisferlaaðferðin byggist á því að logaritmi á vatnsborðshækkuninni er teiknaður á móti logaritma af tíma, síðan er fundinn sá einkennisferill sem ber best saman við mælipunktana.

Við dælingu í holurnar kom fram seinkun í vatnsborðshækkun í gryfjunum, sem stafar af því að þær ná aðeins niður í yfirborð hraunsins. Á myndum 38 og 39 er sýnd notkun á Jacobs-aðferð við mat á leiðni en á myndum 40 og 41 er sýnd notkun á einkennisferils aðferðinni, fyrir ST-14 og gryfju "A".

Vegna þess að nokkrar truflanir eru í rennsli við dælingu í ST-18 var ákveðið að fylgjast með jöfnun vatnsborðsins ("recovery") í ST-14 eftir að dælingu var hætt. Niðurstöðurnar eru á myndum 42 (aðferð Jacobs) og 43 (aðferð einkennisferla).

Meðan á dælingu stóð var stöðug lækkun grunnvatnsborðs á svæðinu. Leiðrétt var fyrir lækkuninni út frá mælingum í ST-15, en þar var grunnvatnshæð sírituð.

Niðurstöður úrvinnslunnar úr langtímadælingum eru í töflum 14, 15 og 16.

Úrvinnsla straummælinga í borholum. Við upphaf dæluprófana var mældur láréttur straumhraði vatns í borholum ST-14, 17, 18, 19 og 20A. Hann reyndist innan við mælinákvæmni (~ 0,8 cm/s). Straumhraðinn var síðan mældur aftur þegar byrjað var að dæla á holurnar. Mælingarnar gáfu allar til kynna að vatnið rynni niður í gegnum borholurnar og út um botnkargann. Ekki sáust nein merki þess að láréttur leki væri mikill ofar í holunni. Hafa verður þó í huga að búið var að einangra efstu 10 m holunnar, en þar er hraunið trúlega mjög brotið og vel vatnsleiðandi.

Dæling í lón. Úrvinnsla. Við dælingu í lónin var fylgst með vatnshæð þar. Rúmmál og flatarmál lónanna miðað við vatnsborð er á mynd 44. Á myndum 45 og 46 er vatnshæð í lónum og leki úr þeim teiknað á móti tíma.

Við útreikninga á lóðréttri lekt yfirborðslaga var Darcy-lögmál notað (Terzaghi & Peck 1967).

$$k = \frac{Q_L}{i \cdot A} \quad (3.6.3.4)$$

þar sem

$k$  er lekt (m/s)

$Q_L$  er leki úr lóni ( $m^3/s$ )

$A$  er flatarmál lóns ( $m^2$ )

$$i = \frac{\Delta h}{L}$$

$\Delta h$  er fjarlægðin frá vatnsborði í lóni og niður á grunnvatn (m)

$L$  er þykkt yfirborðslaga (m)

Niðurstöður úrvinnslu á dælingum í lón eru að lektin sé  $6,2 \cdot 10^{-6}$  m/s í yfirborðslögum undir "2000 m" lóninu en  $9,7 \cdot 10^{-6}$  m/s undir "100 m<sup>2</sup>" lóninu.

Samanburður á niðurstöðum úrvinnslu dælinga. Af töflum 14, 15 og 16 sést að mæliniðurstöður í holum sem dælt er í (dæluholur) benda til að leiðni sé 10-1000 sinnum lægri en samkvæmt mælingum í athugunarholum (ST-14 og gryfjur). Í töflu 17 er gerður samanburður á leiðni miðað við mælingar í dæluholum og athugunarholum.

#### TAFLA 17

Meðalleiðni samkvæmt mælingum úr dælu- og athugunarholum

Umhverfis	Skv. dæluholum	Skv. athugunarholum
ST-17	$1,6 \cdot 10^{-3} m^2/s$	$4,4 \cdot 10^{-2} m^2/s$
ST-18	$4,0 \cdot 10^{-3} m^2/s$	$7,3 \cdot 10^{-2} m^2/s$
ST-20		$2,3 \cdot 10^{-1} m^2/s$

Skýringar á þessum mikla mun á leiðni í dæluholum og athugunarholum er líklega að leita í því að aurinn í vatninu, sem dælt er í holurnar sest í holuna og næsta nágrenni hennar. Einnig má gera ráð fyrir að borsvarf fari eitthvað út í holuveggi. Loks er þrýstifallið við að vatnið rennur niður holuna mjög mikið eða um 1 m á hvern lengdarmetra í holu við mesta rennsli. Þéttingin ætti að hafa lítil áhrif í athugunarholum en ekki er unnt að meta þau.

Við þrepaðælingar sprengdu holurnar sig út við 28-55 m þrýsting á holutoppi.

Ekki er ljóst hvort um raunverulegt brot í berginu er að ræða, eða hvort eingöngu skolast út svarf og aur, sem sest hefur fyrir í næsta nágrenni holunnar. Fyrri rannsóknir (Haukur Tómasson 1964 og Jónas Elíasson 1969) benda þó fremur til að hins síðara. Hins vegar er ljóst að þessi áhrif koma ekki fram í athugunarholum, sjá mynd 47.

Af ofansögðu er sýnt að mælingar í dæluholum eru mjög truflaðar, þessar truflanir koma ekki fram í athugunarholum. Mat á leiðni hraunanna verður því að byggja á mælingum í athugunarholum. Sjá seinni dálk í töflu 17.

Niðurstöður útreikninga á lekt yfirborðslaga við dælingar í lónin eru svipaðar, eða að meðaltali  $6,2 \cdot 10^{-6}$  m/s við dælingu í "2000 m<sup>2</sup>" lónið, en  $9,7 \cdot 10^{-6}$  m/s við dælingu í "100 m<sup>2</sup>" lónið. Verður þetta að teljast mjög gott samræmi því mjög mismunandi efni er í yfirborðslögnum sbr. kafla 3.2. Engir svelgir mynduðust við dælingarnar, en lónhæð var mest 1,3 m eða um 1/30 af væntanlegri lónhæð. Meta verður hættu á svelgja-myndun sérstaklega. Eins og fram kom hér að framan var grafinn upp gervi-gígur og dælt í hann um 13 lítrum á sekúndu. Við dælinguna hækkaði vatnsborðið um ca. 0,5 m.

#### 3.6.4 Framhald athugana

Telja verður niðurstöður leiðni í hraunlögnum sæmilega áreiðanlegar. Benda verður þó á að mælingin á aðeins við nánasta umhverfi holanna. Sýni útreikningar að lekaþetta sé veruleg en jafnframt verði rannsóknum á stíflustæði haldið áfram er nauðsynlegt að gera frekari dæluprófanir til að fá mat á leiðninni á fleiri stöðum á stíflustæðinu.

Við frekari dæluprófanir er æskilegt að boraðar verði víðari holur og dælt upp úr þeim, þá er ekki hættu á að aur trufla mælingar. Einnig er nauðsynlegt að bora a.m.k. 2-3 loftborholur umhverfis dæluholuna til mælinga á vatnsborðsbreytingu. Með þessu móti ætti að fást mun betra mat á leiðnina. Margvíslegar aðferðir koma til greina við prófunina, t.d. svo kölluð tvíþól aðferð, en þá er dælt upp úr einni holu og niður í aðra og fylgst með vatnsborðsbreytingum, í nokkrum holum milli þeirra. Með því móti fæst mat á leiðni fyrir svæðið milli holanna.

Ef dæla á upp úr holum verður að bora víðari holur. Einkum kemur til greinar að bora 12 1/2" holur með höggbor. Samkvæmt upplýsingum á Jarðborunum ríkisins kostar borun 12 1/2", 30 m djúpar holu nú (í nóv. 1979) um 2-3 Mkr.

### 3.6.5 Niðurstöður og ályktanir

Helstu niðurstöður dæluþrófana og dælinga í lónin eru:

- 1 Leiðni hraunsins neðan yfirborðskargans umhverfis holur ST-17 og ST-18 er  $4-8 \cdot 10^{-2} \text{ m}^2/\text{s}$ . Meðlektin umhverfis þær er  $2-3 \cdot 10^{-3} \text{ m/s}$  miðað við lengd prófbils 20-25 m.
- 2 Leiðni hraunsins neðan yfirborðskargans umhverfis ST-20 er um  $2 \cdot 10^{-1} \text{ m}^2/\text{s}$ . Meðallektin er  $2-3 \cdot 10^{-2} \text{ m/s}$  miðað við 7-10 m lengd prófbils.
- 3 Lektin í yfirborðskarganum umhverfis holurnar er  $1 \cdot 10^{-3} - 3 \cdot 10^{-2} \text{ m/s}$ .
- 4 Við lektarþrófanir á lekum hraunasvæðum er nauðsynlegt að mæla vatnsborðsbreytingu í athugunarholum. Þrepadælingar koma tæplega til greina nema að boraðar séu víðari holur og vatni dælt upp úr þeim með djúpdælum. Ef farið verður í frekari lektarþrófanir á svæðinu er lagt til að boraðar verði víðar holur t.d. 12 1/2" og dælt upp úr þeim, jafnframt því sem umhverfis þær verði boraðar athugunarholur til mælinga á vatnsborðsbreytingu við dælingu.
- 5 Þegar byggður hafði verið upp 30-50 m þrýstingur á holutoppi sprengdu holurnar sig út. Ekki er ljóst hvort bergið gaf sig eða hvort verið var að skola burt borsvarfi og aur. Þetta þyrfti að kanna nánar.
- 6 Efra- og neðra borð hraunsins er leirfyllt. Ekki er unnt að meta á þessu stigi, hvort hætta er á að leirinn skolist burt við aukið grunnvatnsrennsli að lokinni stíflugerð.
- 7 Lekt yfirborðslaga (setlaga) mældist  $6 \cdot 10^{-6} - 1 \cdot 10^{-5} \text{ m/s}$  undir  $100 \text{ m}^2$  og  $2000 \text{ m}^2$  í lónum. Taka verður fram að gerð yfirborðslaga er mjög breytileg á væntanlegu lónstæði. Engir svelgir mynduðust við dælingu í lónin, enda var lónhæðin mest um 1,3 m eða innan við 1/30 af fyrirhugaðri lónhæð. Hættu á svelgjamyndun verður að skoða nánar.

### 3.7 Niðurstöður

Rétt er að áréttta að tilgangur rannsóknanna var að afla frumgagna fyrir hönnun stíflunnar þar með talin gögn fyrir útreikning á lekt og sigi.

Ákvörðun um frekari úrvinnslu er ekki í höndum Orkustofnunar. Hér verður hins vegar svarað nokkrum af þeim spurningum sem varpað var fram í kafla 3.1 og nokkrar almennar ályktanir dregnar þar af.

Á fyrirhuguðu stíflustæði við Búðarháls er um 30 m þykkt, sprungið og lekt hraunlag (THi) ofan á lítt eða ósamlímdu seti, sem að mestu er finn einkorna mettaður sandur. Fyrir miðjum dalnum er þykkt ósamlímnda setsins um 50 m, en vegna þykkar og gerðar sandsins kemur hann til með að skipta miklu máli fyrir alla stíflugerðina.

Hætta á missigi. Boranir sumarsins 1979 styðja þá skoðun að sigið verði mest fyrir miðri stíflunni enda er setið þykkast þar (mynd 25). Fyrir-sjáanlegt er því að eitthvert mismunasig verður ef stífla verður byggð þarna. Hversu mikið það verður er ekki hægt að meta fyrr en vitað er betur um útbreiðslu setsins þvert á dalinn og sýnin sem tekin voru hafa verið könnuð ítarlegar.

Lekahætta. Yfirborðslög þekja víðast hraunið milli Fitjaskóga og Búðarháls. Þykkt þeirra er yfirleitt 1 - 4 m (mynd 14). Lekt þeirra mældist, þar sem hún var prófuð,  $10^{-6}$  -  $10^{-5}$  m/s. Yfirborðslögin virðast því nokkuð þétt. Ekki er vitað um hversu mikil hætta er á svelgjamyndun á svæðinu. Slík hætta er fremur háð innri gerð og styrkleika hraunsins en gerð og þykkt yfirborðslaganna. Hljóðhraðinn í hrauninu gefur vísbendingu um styrkleika hraunsins. Samkvæmt því ætti hraunjöðrunum að vera hættast (mynd 19). Algeng meðallekt í hrauninu er áætluð  $2 - 3 \times 10^{-3}$  m/s. Botnkarginn hefur meiri lekt eða  $2 - 3 \times 10^{-2}$  m/s og oft enn meiri. Lektin virðist ekki vera mikil miðað við hraun almennt og er t.d. stærðargráðu minni en í Sigöldu (Pálmi Jóhannesson o.fl., 1978). Fram kom í kafla 3.1 að lekareikningarnir verða gerðir síðar. Þá verður magn og umfang þéttiaðgera metið. Hins vegar má telja víst að verulega þurfi að þétta þar sem hraunið liggur upp að Búðarhálsi (mynd 3).

## 4 VEITULEIÐIR Í BÚÐARHÁLSI OG Á HAFI

### 4.1 Inngangur

Sumarið 1979 var unnið að könnun á hluta mögulegra veituleiða samkvæmt tillögum ráðgjafaverkfræðinga Landsvirkjunar frá maí 1979. Þessar veituleiðir voru tvenns konar: annars vegar frárennslisskurður um Haf og hins vegar göng til að veita Tungnaá í gegnum Búðarháls. Gangaleið undir Skúmstungur og Sandafell var ekkert könnuð þetta sumar.

Rannsókn á staði fyrirhugaðs fráveituskurðar beindist mest að könnun á þykkt lausra jarðlaga ofan á yfirborði Búrfellshrauns THi og legu jaðars þess. Verkið var að mestu unnið með jarðeðlisfræðilegum mælingum. Þá var og stuðst við gögn frá Borroborun árið 1967.

Tvær kjarnaholur BH-2 (130,2 m) og BH-3 (65,7 m) voru meginuppistaða rannsóknar á fyrirhugaðri gangaleið í gegnum Búðarháls. Ennfremur var stuðst við jarðfræðikortlagningu sem Ingibjörg Kaldal og Skúli Víkingsson (1973) höfðu unnið.

### 4.2 Gangaleið í gegnum Búðarháls

#### 4.2.1 Markmið rannsókna

Margs konar hugmyndir hafa komið fram um gangaleið í gegnum Búðarháls. Sammerkt með þeim öllum er þó að göngin eru áætluð á bilinu 280 - 330 m y.s. Rannsóknir sumarsins beindust að almennri könnun á jarðlagaskipan í Búðarhálsi, þó með ákveðna tillögu frá ráðgjafaverkfræðingum í huga (maí 1979) og mynd 2 tilhögun 3a. Borhola BH-2 veitti svör við þeim spurningum sem henni var upphaflega ætlað en er ekki nægjanlega djúp til að veita svör við hvernig jarðlagaskipan er á gangaleiðinni verði tillaga ráðgjafaverkfræðinga frá desember 1979 fyrir valinu. Hún er líka nokkuð langt fyrir utan fyrirhugaða gangaleið. Verður nánar vikið að því síðar.

#### 4.2.2 Almennt yfirlit

Fyrri rannsóknir höfðu gefið til kynna að Búðarháls væri mjög reglulegur að uppbyggingu (Ingibjörg Kaldal og Skúli Víkingsson 1973). Mynd 48 sýnir jarðfræðikort er þau gerðu. Brotalínukort unnið af sömu höfundum er felld

saman við jarðfræðikortið. Það er gert til að fá hugmynd um hugsanleg veikleikasvæði. Ennfremur er tunga úr Búrfellshrauni THi milli Búðarháls og Fitjaskóga sýnd á myndinni eins og hún var staðsett samkvæmt segulmælingum (Björn Jónasson o.fl. 1979).

Niðurstöður þeirra er við koma mannvirkjunum eru þessar:

- 1 Jarðlöggin þar sem fyrirhuguðum mannvirkjum er ætlaður staður eru frá segultímabilinu Matuyama og heldur eldri en segulskeiðið Jaramillo. Aldur þessara laga er því 1,0 - 1,6 milljón ára.
- 2 Svæðisbundinn halli aðeins ofar í staflanum en fyrirhuguðum mannvirkjum er ætlaður staður er 1,6 - 2,1° í S13A. Austar verður hann meira austlægur.
- 3 Meginbrotalínustefnan er N35A - N60A.

#### 4.2.3 Niðurstöður borana 1979

Staðsetning þeirra borhola er boraðar voru í sumar er sýnd á myndum 4 og 48. Borholan BH-2 er 130,2 m djúp. Kjarninn úr henni er að mestu gerður úr basaltlögum (mynd 49). Nokkur setbergslög koma fram. Þau eru yfirleitt ýmiss tilbrigði af sandsteini og völubergi. Þykkasta setlagið er 7,4 m á þykkt og er botn þess í 302,1 m y.s. Það er að mestu völuberg (conglomerate og agglomerate) með sandsteins- og siltsteinslögum.

Borhola BH-3 er 65,7 m djúp. Basalt er að mestu ráðandi þar og setlöggin mun veigaminni en í BH-2 sbr. mynd 49. Þau eru yfirleitt samsett úr völubergi, sandsteini og siltsteini. Mjög lítil lekt er í báðum holunum.

#### 4.2.4 Jarðfræðisnið og mannvirki

Til að sýna jarðlagaskipan í Búðarhálsi og við hverju má búast á jarðgangaleiðinni hafa verið teiknuð tvö þversnið. Annað sýnir beina tengingu milli borhola BH-2 og 3 (mynd 50), en fyllt er upp í þá mynd skv. jarðfræðikortlagningu Ingibjargar Kaldal og Skúla Víkingssonar (1973). Hitt þversniðið er nokkuð nærri fyrirhugaðri jarðgangaleið samkvæmt tillögu ráðgjafa frá desember 1979 (mynd 51). Þar eru felldar saman niðurstöður jarðfræðikortlagningar (mynd 48) og kjarnaborunar (myndir 49 og 50). Eins og þar sést gætir góðs samræmis í efri hluta borholusniðs BH-2 og kortlagða sniðsins, en ekki er sömu sögu að segja um neðri hlutann. Hér verður að hafa í huga að borholan BH-2 er u.þ.b. 2 km vestan við sniðið.



Verður nú nánar fjallað um þetta snið, mynd 51 einkum með tilliti til væntanlegra mannvirkja, en lega þeirra í jarðlagastaflanum verður einhvers staðar á hæðarbilinu 280 - 330 m yfir sjó. Eins og sýnt er á mynd 51 munu væntanleg mannvirki Búðarhálsvirkjunar liggja í mið og efri hluta Fitjaskógadeildar. Til glöggvunar er deildinni skipt í þrennt, þ.e. F-1, 2 og 3 á mynd 51. Í norðanverðum Búðarhálsi munu mannvirki verða staðsett í F-1 en í F-2 og 3 að sunnanverðu.

F-1. Samkvæmt jarðfræðikortlagningu má búast við líparíti og seti í F-1. Uppbyggingin er talsvert frábrugðin í borholusniði BH-2 en þar skiptast á set og basaltlög enda er holan 2 km frá þversniðinu. Snið þetta er fellt inn í myndina með því að tengja beint saman skil Fitjaskóga og Nefjadeildar en í kringum þau skil virðist uppbygging jarðlagastaflans vera afar regluleg. Líklegast er að áður nefnt líparít fleygist inn í Búðarhálsinn og jarðlög sem fram koma neðst í BH-2 leggist ofan á það. Úr því verður þó að skera með kjarnaborun.

